RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

LOGN 2020 - Lokaskýrsla

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Sigurður Torfi Sigurðsson
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Desember 2020

© Höfundur og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Verkefni unnið fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Heiti verkefnis: LOGN 2020 - tilraunaverkefni

Titill skýrslu: LOGN 2020 – Lokaskýrsla

Höfundur: Sigurður Torfi Sigurðsson

Útgefandi: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Sími: (+354) 5165000

Netfang: rml@rml.is

Vefsíða: rml.is

Myndir:

Mynd 1, ljósmynd bls. iv: © Sigurður Torfi Sigurðsson
Mynd 2, ljósmynd bls. 1: © Sigurður Torfi Sigurðsson
Mynd 4, ljósmynd bls. 10: © Sigurður Torfi Sigurðsson
Mynd 11, ljósmynd bls. 16: © Sigurður Torfi Sigurðsson
Myndir 12 - 14, ljósmyndir bls. 18 - 20: © Ragnhildur Sigurðardóttir
Myndir 15 - 17, ljósmyndir bls. 21 - 22: © Guðbrandur Brynjúlfsson
Myndir 18 - 20, ljósmyndir bls. 24 - 26: © Sigríður Ævarsdóttir
Myndir 21 - 23, ljósmyndir bls. 27 - 28: © Sigurður Torfi Sigurðsson
Myndir 24 og 26, ljósmyndir bls. 29 - 30: © Laufey Bjarnadóttir
Myndir 25, ljósmynd bls. 29: © Þröstur Aðalbjarnarson
Myndir 27 - 29, ljósmyndir bls. 31 - 33: © Þóra Sif Kópsdóttir
Aðrar myndir og teikningar í skýrslu: © Höfundur og Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

Verkefnahópur RML sem vann við verkefnið:

Árni B. Bragason
Berglind Ósk Alfreðsdóttir
Borgar Páll Bragason
Lárus Birgisson
Sigurður Torfi Sigurðsson
Snorri Þorsteinsson

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda og eiganda.

Um verkefnið LOGN 2020

Ákveðið var að hrinda af stað tilraunaverkefninu LOGN 2020 í kjölfar jákvæðra niðurstaðna úr LOGN 2019 og var verkefnið byggt á þeirri þekkingu og reynslu sem þá var fengin. Verkefnið fól í sér að bjóða bændum aðstoð við að gera áætlanir sem fela í sér samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar.

Meginmarkmið LOGN 2020 eru:

- Að auka vitund bænda um náttúrvernd og mikilvægi á verndun náttúruauðlinda á landbúnaðarsvæðum og auka þátttöku þeirra á því sviði með verkefnatengdri náttúruvernd.
- Að kanna hvort þátttaka í verkefninu skilaði sér í aukinni þekkingu og viðhorfsbreytingum þátttakenda gagnvart náttúruvernd.
- Að náttúruvernd fái aukið vægi í landbúnaði og þátttakendur setji sér skýra stefnu í náttúruvernd og umhverfismálum.

Þegar lagt var af stað í þessa vegferð, LOGN 2020, í byrjun árs 2020, óraði engan fyrir þeim hindrunum og aðstæðum sem urðu í kjölfar samkomutakmarka sem settar voru til að verjast heimsfaraldrinum Covid-19. Verkefnið gekk samt sem áður nokkuð vel þar sem allir lögðust á eitt til að leysa málin og láta það ganga, bæði starfsmenn RML, starfsmenn UAR, þeir fjölmörgu sérfræðingar fagstofnana sem lögðu verkefninu lið og síðast en ekki síst þeir bændur sem af sinni fórnfýsi gerðust tilraunadýr í þágu náttúruverndar og umhverfismála og tóku þátt í verkefninu. Þegar ástæða þótti til var stefnu breytt til að halda upphaflegri áætlun og hún leiðrétt aftur um leið og færi gafst.

Kærkomið tækifæri gafst á miðju sumri til að heimsækja bændur, skoða vettvang og tengjast þeim böndum. Það átti eftir að reynast jákvætt við alla vinnu sem á eftir kom sem þurfti að mestu leyti að fara fram gegnum fjarfundabúnað eða síma.

Gera má ráð fyrir að LOGN hefði e.t.v. þróast á einhvern annan hátt ef ekki hefði komið til takmarkana vegna samkomubanns. Hvort sú þróun hefði verið til batnaðar eða til verri vegar er ómögulegt að segja og hugsanlega náðum við að nýta tækifæri sem okkur hefðu e.t.v. annars ekki komið til hugar.

Fyrir hönd aðstandenda LOGN 2020 vil ég af þessu tilefni þakka öllum þeim sem lögðu verkefninu lið, þessi vinna sem innt hefur verið af höndum og árangur þessa verkefnis er ekki vinna eins manns eða fárra, heldur samstillt átak hóps, hóps sem gætir mismunandi hagsmuna en hefur það að markmiði að búa í sátt við umhverfið og náttúruna.

Virðingarfyllst,

Sigurður Torfi Sigurðsson, verkefnastjóri LOGN 2020

Efnisyfirlit:

Um verkefnið LOGN 2020 i
Helstu skammstafanir: iii
Inngangur 1
Skipulag og uppsetning 3
Verkefnatengd náttúruvernd – (Einkavernd) 4
Vinnu- og hugarflugsfundur – Samtal milli bænda og sérfræðinga 6
Kynningar og fræðsla 11
Netfyrirlestraröð LOGN 2020 11
Auglýsing um þátttöku 11
Greining á áhorfi á netfyrirlestra 12
Þátttökubú 17
Álftavatn í Staðarsveit 18
Brúarland í Hraunhreppi 21
Gufuá í Borgarhreppi 24
Staðarhraun í Hraunhreppi 27
Stakkhamar í Eyja- og Miklaholtshreppi 29
Ystu-Garðar í Kolbeinsstaðahreppi 31
Grasrótin - Reynsla þátttökubænda 34
Punktar frá vinnu- og hugarflugsfundi LOGN-bænda 34
SVÓT greining unnin af LOGN-bændum 36
Eftirfylgni og könnun á viðhorfi þátttakenda 37
Lokaorð 41
Viðaukar 42
Auglýsingabæklingur 42
Grunnskráningarform 43
Stöðuskýrsla að hausti 47
Viðtalsrammi 49

Helstu skammstafanir:

LOGN - Verkefnið Landbúnaður og náttúrvernd

RML - Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.

UAR - Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

NÍ - Náttúrufræðistofnun Íslands

UST - Umhverfisstofnun

BÍ - Bændasamtök Íslands

ESB - Evrópusambandið

CAP - Common Agricultural Policy – Sameiginleg landbúnaðarstefna ESB

BP - Burren Programme

HNV - „High Nature Value“ landbúnaður

Lgr - Landgræðslan

Sr - Skógræktin

Mynd 1
Horft vestur Löngufjörur. Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

Inngangur

LOGN 2020 er heiti tilraunaverkefnis þar sem bændur eru hvattir til að huga að náttúruvernd við búskap sinn. Aðdragandi verkefnisins er sá að á haustdögum árið 2018 gerðu Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (UAR) og Bændasamtök Íslands (BÍ) með sér samning um að vinna saman að málefnum landbúnaðar og náttúruverndar. Í framhaldinu var undirrituð yfirlýsing um samstarf[1] og var Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) falið að vinna verkefnið „Landbúnaður og náttúruvernd" sem var sett á laggirnar í þeim tilgangi að draga fram mynd þar sem landbúnaður og náttúruvernd vinna saman, en stuðli um leið að sjálfbærri nýtingu auðlinda[2]. Verkefnið var til eins árs, en skömmu eftir að það hófst fékk það nafnið LOGN og hefur það nafn fest í sessi á meðal þeirra sem þekkja til verkefnanna. Sá hópur er skipaður einstaklingum bæði á meðal bænda eða bændastéttar en einnig meðal sérfræðinga og starfsmanna fagstofnana á sviði náttúruverndar og umhverfismála.

Í þessari skýrslu er gerður greinarmunur á verkefnunum með ártali í verkefnaheiti þ.e. LOGN 2019 og LOGN 2020, en án ártals ef skírskotað er til beggja verkefnanna eða því sem þau standa fyrir í grunninn.

LOGN verkefnin byggja á grasrótarnálgun (*e. „bottom up" project*) en þar eru hugmyndir og upplýsingar sóttar til bænda eða með samtölum á milli bænda og fagstofnana á sviði náttúruverndar og umhverfismála. Með þessari aðferð eru meiri líkur til að bændur finni sig sem virka þátttakendur í verkefninu, eigni sér hlut í því og leggi þ.a.l. meiri metnað í að skila árangri[3]. Verkefnið LOGN 2019 leiddi í ljós að flestir bændur vilja stuðla að náttúruvernd og gera sér grein fyrir mikilvægi fjölbreytni vistkerfa og líffræðilegs breytileika. Almennt vilja bændur ganga vel um náttúruna og eru tilbúnir til að skoða þann möguleika að taka þátt í að vinna verkefni á sviði náttúruverndar. Bændur töldu sig samt sem áður oft vera sniðgengna og illa upplýsta um verkefni í þeirra nærumhverfi sem voru tengd náttúruvernd og í forsjá opinberra aðila. Í ljós kom að bændur vilja vera betur upplýstir og taka meiri þátt í þessum verkefnum, en jafnframt að þekking þeirra á staðháttum sé höfð til viðmiðunar í framkvæmdum eða aðgerðum á þessu sviði. Einnig sýndu bændur meiri áhuga á verkefnatengdri náttúruvernd eða einkavernd en náttúruvernd með opinberum friðlýsingum.

Í ljósi jákvæðra niðurstaðna úr LOGN 2019 var ákveðið að hrinda af stað tilraunaverkefninu LOGN 2020 sem byggt var á þeirri þekkingu og reynslu sem fékkst af verkefninu árið 2019. Verkefnið fól í sér að bjóða bændum aðstoð við að gera áætlanir sem fela í sér samþættingu landbúnaðar og náttúruverndar.

Mynd 2. Eyðibýlið Landbrot í Kolbeinsstaðahreppi. Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

1 Stjórnarráð Íslands , 2018. *Samstarfsyfirlýsing um landbúnað og náttúruvernd undirrituð* https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/12/06/Samstarfsyfirlysing-um-landbunad-og-natturuvernd-undirritud/

2 Sigurður Torfi Sigurðsson. (2019). *Landbúnaður og Náttúra LOGN-lokaskýrsla.* Sótt af https://www.rml.is/static/files/RML_LOGN/2020/logn_lokaskyrsla_11022020.pdf

3 Johnson, G., Whittington, R., Scholes, K., Angwin, D. N., & Regnér, P. (2017). *Exploring strategy* (No. 11th e). Pearson.

Meginmarkmið LOGN 2020 eru:

- Að auka vitund bænda um náttúrvernd og mikilvægi á verndun náttúruauðlinda á landbúnaðarsvæðum og auka þátttöku þeirra á því sviði með verkefnatengdri náttúruvernd[4].
- Að kanna hvort þátttaka í verkefninu skilaði sér í aukinni þekkingu og viðhorfsbreytingum þátttakenda gagnvart náttúruvernd.
- Að náttúruvernd fái aukið vægi í landbúnaði og þátttakendur setji sér skýra stefnu í náttúruvernd og umhverfismálum.

Hugmyndin að LOGN verkefnunum er sótt í erlendu aðferðafræðina, HNV-landbúnað[5]. HNV stendur fyrir „High Nature Value“. Skilyrði fyrir HNV er að landbúnaður sé stundaður samhliða náttúruvernd og hvort tveggja styðji við hitt. HNV er þ.a.l. rammi um náttúruvæna búskaparhætti, náttúruvæna umgengni um landbúnaðarland og náttúruvernd.

Skilyrði fyrir HNV verkefni eru m.a.:

- Að landbúnaður sé stundaður samhliða náttúruvernd og hvort tveggja styðji við hitt.
- Að HNV sé á skilgreindu landbúnaðarlandi og aðallandnotkunin sé landbúnaðartengd.
- Að verndun tegunda, búsvæða og vistkerfa byggist á sérstakri landbúnaðarnotkun.
- Að búskaparhættir ýti undir og styðji við fjölbreytileika í búsvæðum og villtum tegundum og/eða viðveru villtra tegunda með evrópskt/lands/staðbundið verndargildi.

Lagt var upp með í byrjun að verkefnið færi fram á eða í næsta nágrenni við það svæði sem nefnt er Mýrar - Löngufjörur í tillögum að svæðum á framkvæmdaáætlun B-hluta náttúruminjaskrár[6]. Hátt verndargildi svæðisins er meðal annars vegna mikilvægra búsvæða og sjaldgæfra vistgerða sem og vistkerfa í heild og fellur þ.a.l. vel að skilgreiningum HNV.

Verkefnið var kynnt vel á þessu svæði. Öllu kynningarefni og auglýsingum um þátttöku var beint að svæðinu og voru fræðslufundir byggðir upp með sérstöðu þess í huga. Alls fengust sex þátttökubú inn í verkefnið. Þátttakendur (LOGN-bændur) skipulögðu og unnu verkefni á sínum eigin forsendum og settu upp sína eigin verkefnisáætlun sem byggði á sérstöðu og einkennum búja rða þeirra og þeim búrekstri sem þar er stundaður. LOGN-bændur fengu einnig tilsögn og fræðslu auk aðgangs að og aðstoðar frá ýmsum sérfræðingum. LOGN myndaði þ.a.l. eins konar brú á milli bænda og fagstofnana á sviði umhverfismála og náttúrufræða.

[4] Með verkefnatengdri náttúruvernd er m.a. átt við að vinna verkefni sem viðhaldi eða auki lífbreytileika með viðhaldi og endurheimt á vistkerfum og búsvæðum, en jafnframt vernda sérstakar jarðminjar, landslag eða önnur sérstök náttúrufyrirbæri. (Sjá LOGN 2019)

[5] Sigurður Torfi Sigurðsson. (2019). *Landbúnaður og Náttúra LOGN-lokaskýrsla.* Sótt af https://www.rml.is/static/files/RML_LOGN/2020/logn_lokaskyrsla_11022020.pdf

[6] Náttúruminjaskrá

Skipulag og uppsetning

Eins og sagt er frá í inngangi byggir aðferðafræði LOGN 2020 á grasrótarnálgun. Leitað er til bænda eftir hugmyndum að verkefnum og aðferðum til að vinna ákveðin skilgreind verkefni. Grunnurinn er sprottinn úr niðurstöðum úr rannsóknarvinnu og viðtölum við bændur sem fram fóru í verkefninu LOGN 2019. Þar komu fram hugmyndir að verkefnum sem bændur ættu auðvelt með að vinna og jafnframt upplýsingar um verkefni sem nú þegar eru unnin af bændum í samstarfi við opinbera aðila og tengjast hugmyndafræði LOGN, t.d. „Bændur græða landið“ og ýmis verkefni tengd endurheimt vistkerfa s.s. á votlendi og birkiskógum. Verkefnið var jafnframt byggt upp á grunni verkefnatengdrar náttúruverndar en sú hugmynd og ferli var kynnt í lokaskýrslu LOGN 2019. Samkvæmt þessu var í byrjun verkefnisins LOGN 2020 farið af stað með ákveðna grunnhugmynd en sem hluti af verkefninu voru áherslur í ýmsum verkþáttum mótaðar í fyrstu verkhlutum og ákveðið svigrúm til að skerpa áherslur og leiðrétta stefnu til að ná settu markmiði. Í þessari vinnu var leitað til bænda og annarra hagaðila, þar á meðal voru sérfræðingar fagstofnana, fulltrúar frá sveitarfélögum og félagasamtökum o.fl. Hugmynd að þessari uppsetningu var sótt í HNV-verkefnið „Burren Programme“ [7] en það verkefni er notað sem fyrirmynd að LOGN 2020 en verkferlar og aðferðir hafa verið lagaðar að okkar umhverfi.

Möguleg verkefni samkvæmt LOGN 2019:

- Friðlýsing og friðun sérstakra náttúrufyrirbæra.
- Endurheimt votlendis.
- Viðhald og endurheimt vistkerfa og líffræðilegrar fjölbreytni.
- Viðhald og endurheimt búsvæða lífvera, t.d. varpsvæða fugla.
- Beitarstjórnun – tengist ofangreindum liðum.
- Uppgræðsla.
- Vöktun.
- Bætt aðgengi og stýring umferðar.
- Samspil manns og náttúru. Viðhald eða endurupptaka einstakra verkþátta eða verklags sem hefur haft áhrif á þróun náttúrulegra vistkerfa í gegnum tíðina, t.d. áveitna á engi.

Í viðtölum við bændur í LOGN 2019 kom einnig sterkt fram að gæta þurfi að og vernda íslensku húsdýrakynin og það einstaka erfðaefni sem hér er að finna. Ein af áherslum HNV landbúnaðar er að vernda og viðhalda fjölbreyttu erfðaefni og stuðla að verndun sjaldgæfra erfðaauðlinda. Áætlun um varðveislu og sjálfbæra nýtingu íslenskra erfðaauðlinda í landbúnaði má finna í landsáætlun erfðanefndar landbúnaðarins[8]. Áætlunin er jafnframt liður í að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga á sviði verndunar á erfðaauðlindum.

Verkefni sem geta tengst verndun á erfðaauðlindum eru t.d.:

- Varðveisla á erfðaauðlindum í gróðri og húsdýrum.
- Að varðveita gömul tún og viðhalda þeim erfðabreytileika sem þar má finna.
- Ræktun og nýting íslenskra villijurta.
- Birkiskógar.
- Búfé – litlir stofnar, t.d. forystufé og geitur.

[7] Burren Programme (vefsíða) http://burrenprogramme.com/

[8] Íslenskar erfðaauðlindir. *Landsáætlun um verndun erfðaauðlinda í íslenskri náttúru og landbúnaði, 2019-2023.* http://www.lbhi.is/sites/lbhi.is/files/gogn/vidhengi/rannsoknur/landsaaetlun_2019-2023_lres.pdf

Vegna þeirra takmarkana sem settar voru vegna Covid-19 faraldursins riðlaðist upphafleg áætlun talsvert og þegar ljóst var í hvað stefndi var gripið til þess ráðs að breyta uppsetningu og laga verkefnið að breyttum aðstæðum. Þar sem samkvæmt aðferðafræðinni var gert ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika í framkvæmd verkefnisins var möguleiki á að breyta fyrirkomulagi ýmissa verkþátta og halda þannig upphaflegri verkáætlun. Í þessu fólst m.a. að breyta fyrirkomulagi funda og samskipta yfir á fjarfundaform í staða staðarfunda og þ.a.l. þurfti ekki að fresta eða fella niður samtöl eða fundi og hægt var að halda þeim dagsetningum sem áður höfðu verið ákveðnar.

Áður en samkomutakmarkanir vegna Covid-19 voru settar á náði verkefnastjóri að eiga fundi með bændum á svæðinu og helstu hagaðilum verkefnisins. Þ.a.l. tókst að kynna verkefnið vel í byrjun og mynda tengsl við fulltrúa þessara helstu hagaðila t.d. við áhugasama bændur á svæðinu og formenn búnaðarfélaga en einnig við forsvarsmenn stofnana og félagasamtaka eða setta tengiliði við verkefnið hjá stofnununum.

Verkefnatengd náttúruvernd – (Einkavernd)

Hugmyndafræði verkefnatengdrar náttúruverndar var kynnt og útskýrð í lokaskýrslu LOGN 2019. Með verkefnatengdri náttúruvernd hafa bændur taumana meira sjálfir í sínum höndum en í flestum opinberum verkefnum á sviði náttúruverndar og umhverfismála, t.d. í opinberum friðlýsingum. Þeir geta þ.a.l. stýrt framgangi verkefnisins eftir eigin aðstæðum og tímaramma, en eru bundnir skilmálum og þurfa að vinna að samþykktu markmiði. Einnig er æskilegt að verkefni sem þetta hvetji til þróunar og nýsköpunar í tengslum við aðra starfsemi á svæðinu og að hvort styðji við annað, sambærilegt HNV (High Nature Value) aðferðafræðinni.

Verkefnatengdri náttúruvernd má skipta í sjö verkhluta. Gert er ráð fyrir að fyrstu fjórir verkhlutarnir skarist að einhverju leyti og verkferlar verði endurskoðaðir og möguleg breyting eða tilfærsla geti átt sér stað í verkáætlun ef þörf þykir. Verkáætlun fyrir LOGN 2020 var byggð á þessum grunni og samkvæmt þessari skiptingu verkhluta. Það eina sem við var bætt var við 8. verkhluti sem sneri að uppgjöri og skýrslugerð.

Verkferlar verkefnatengdrar náttúruverndar (einkavernd)

1. **Forvinna og útfærsla á hugmynd**

- Öflun upplýsinga
- Tillögur að skipulagi og umfangi
- Fyrstu verk- og kostnaðaráætlanir
- Tillögur að tímaramma

2. **Skipulag og undirbúningur**

- Skipun vinnuhóps, þverfaglegt teymi, fulltrúar frá helstu stofnunum á sviði náttúruverndar og umhverfismála, frá landbúnaði, háskólum, og öðrum tengdum hagaðilum t.d. tengdum félagasamtökum og sveitarfélögum.

- Vinnufundir
    - Hugarflugsfundir
    - Skipulag og verkaskipting
    - Áætlanagerð – verkáætlun

3. Kynningar og fræðsla

- Kynningarfundir á meðal bænda
- Fræðslufundir eftir forval úr umsóknum
- Fræðslufundir fyrir þá sem taka þátt í verkefnum

4. Umsóknarferli

- Skilyrði og forgangsröðun ákveðin
- Auglýst eftir umsóknum
- Valið úr hópi umsækjenda samkvæmt forgangsatriðum
- Skipulagðir fræðslufundir fyrir þá sem valdir eru til þátttöku

5. Úttekt á svæðum og aðstoð við að byrja verkefni

- Svæði tekin út
- Verkefnisáætlun og markmið
- Samlegðaráhrif / nýsköpun t.d. tengingar við framleiðslu á afurðum

6. Aðgerðir

- Bændur vinna samkvæmt verkefnisáætlun
- Aðstoð og eftirfylgni

7. Mat á árangri

- Úttekt á árangri
- Viðtöl og spurningakönnun
- Skýrslugerð
- Kynningar á verkefnum

Verkefnatengd náttúruvernd – verkferlar, myndræn framsetning.



Mynd 3
Verkefnatengd náttúruvernd

Vinnu- og hugarflugsfundur – Samtal milli bænda og sérfræðinga

Boða var til vinnufundar á Hvanneyri 12. mars 2020. Fyrirkomulagi fundarins var síðan breytt þegar ljóst var að stefndi í samkomubann vegna Covid-19 og til að riðla ekki áætlun verkefnisins var brugðið á það ráð að halda í staðinn netfund á áætluðum tíma. Tilgangur fundarins var að stilla upp samtali milli ólíkra hagsmunahópa og skerpa þannig áherslur í verkefninu með því að beisla hugmyndir sem eru sprottnar út frá ólíkum sjónarmiðum og finna á þeim sameiginlega fleti.

Til fundarins voru boðaðir bændur af svæðinu, starfsmenn frá RML og UAR og að auki fulltrúar frá eftirtöldum:

- Búnaðarfélögum á svæðinu
- Búnaðarsambandi Vesturlands
- Bændasamtökum Íslands
- Fuglavernd
- Hafrannsóknarstofnun
- Háskólasetri Vesturlands
- Landbúnaðarháskóla Íslands
- Landgræðslunni
- Landvernd
- Náttúrufræðistofnun
- Náttúrustofu Vesturlands
- Rannsóknasetri– HÍ
- Skógræktinni
- Sveitarfélögum á svæðinu
- Markaðsstofu Vesturlands
- Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi
- Samtökum ungra bænda
- Svæðisgarðinum Snæfellsnesi
- Umhverfisstofnun
- Ungum umhverfissinnum
- Þjóðgarðinum Snæfellsjökli

Fundurinn tókst framar vonum miðað við að boðað var til breytinganna með mjög stuttum fyrirvara, þar mættu um 30 manns og fóru fram málefnalegar umræður. Fundinum var skipt í þrjá hluta. Sá fyrsti var kynning á efninu, síðan var gestunum skipt og unnið í hópum þar sem hver hópur hélt sinn fund og í lokin komu allir saman aftur og farið var yfir niðurstöður hópavinnunnar.

Umræðuefni sem unnið var með í vinnuhópum:

- Einkenni svæðisins, verndargildi og þróun náttúrunnar
- Hvaða verkefni koma til greina í LOGN 2020
- Neikvæð áhrif af verkefninu fyrir samfélag og umhverfi
- Utanaðkomandi áhrif úr samfélagi og umhverfi, sem eru neikvæð fyrir verkefnið
- Aðgerðir til mótvægis neikvæðra áhrifa

Einkenni svæðisins, verndargildi og þróun náttúrunnar

Svæðið Mýrar – Löngufjörur er á meðal tillagna Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði á B-hluta náttúruminjaskrár.

Forsendur fyrir vali eru m.a.:

- Víðlend mýrarsvæði, sum þeirra lítið snortin af framræslu.
- Forgangsvistgerðir og vistgerðir með hátt verndargildi.
- Lítið röskuð vötn sem eru oft samtengd.
- Alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði.
- Sjaldgæfar fjöruvistgerðir.
- Mikilvæg selalátur.

Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland og er búsetulandslag myndað af langri landbúnaðarnotkun eitt af helstu einkennum þessa svæðis. Þarna hafa heldur ekki myndast neinir þéttbýliskjarnar þannig að byggð er frekar dreifð. Víða má finna gamlar mannvistarleifar utan núverandi bæjarstæða t.d. eftir gömul býli eða kot sem löngu eru komin í eyði, beitarhús, áveitur, kvíar o.fl. Ræktunarland bújarða á svæðinu er að miklu leyti á framræstu votlendi.

Á svæðinu hafa vistgerðir þó mjög víða varðveist vel, á Mýrum eru góð dæmi um votlendisvistgerðir og strandvistgerðir sem eru uppistaðan í forsendum vals á Mýrum og Löngufjörum á B-hluta náttúruminjaskrár. Verndargildi vistgerða er metið út frá útbreiðslu þeirra, stærð, dreifingu og fágæti, en einnig út frá fuglastofnum, alþjóðlegum samningum, plöntum á válista o.fl. til að fá heildarverndargildi vistgerða.

Punktar frá þátttakendum fundarins um einkenni svæðisins:

- Dreifbýlissvæði – landbúnaðarland.
- Stórkostleg strandlengja með gylltum söndum og svörtum söndum.
- Fjaran er margbrotin og breytileg eftir svæðum.
- Mikilvægar sjávarvistgerðir. => Beitiland fyrir endur og vaðfugla.
- Lífríkar leirur, sjávarfitjar og árósar.
- Mýrarsvæði, votlendissvæði og mikið af vötnum.
- Einstök jarðfræði – sjávarhryggir og minjar um eldvirkni – hraun og gígar.
- Mannvistarleifar víða, eyðibýli, mikið af kotum sem virðast hafa verið víða og beitarhús, áveitur, kvíar o.fl.
- Mikið og fjölbreytt fuglalíf og mikilvægt svæði fyrir fugla.
- Veiðiár - lax og silungur.
- Mikilvæg sellátur.
- Mikið af sjaldgæfum og mikilvægum vistgerðum.
- Þarna finnast víða plöntutegundir sem eru á válista.
- Birkiskógar.
- Mikilvægt svæði fyrir ál sem er tegund á evrópskum válistum.
- Melabakkar – saltar tjarnir.
- Æðarvarp.
- Náttúrfegurð – tignarleg fjöll og Snæfellsjökull.
- Stór óröskuð svæði.

Helstu verkefni sem koma til greina í LOGN 2020

- Samspil manns og náttúru
  - Tegundir lifa á landbúnaði og landbúnaður á náttúru. Áætlanir í búrekstri þar sem tekið verði tillit til fuglalífs eða gróðurfars.
  - Bætt nýting áburðarefna, tími dreifingar og meðferð.
  - Grunnvatn og áburðarnotkun – skilja eftir gróðurkraga meðfram vatnsfarvegum til að draga úr útskolun áburðarefna.
  - Betri nýting búfjáráburðar.
  - Stýring á umferð ferðamanna – hlið inná ákveðin svæði, skilgreindir áningarstaðir, verdun svæða á ákveðnum tímum (varp).
  - Strandhreinsun.
  - Markaðsmál. - tækifæri í að tengja „Beint frá býli“ og náttúruvernd.

- Endurheimt og verndun vistkerfa
  - Vernda ósnortin svæði - gera ekki neitt, leigja land undir náttúruvernd.
  - Endurheimt votlendis.
  - Endurheimt vatna og tjarna.
  - Uppgræðsla rofasvæða, endurheimt á gróðurlendum.
  - Endurheimt birkiskóga.
  - Verndun ósnortinna svæða.
  - Verndun strandlengju.

- Sjálfbær nýting náttúruauðlinda
  - Sjálfbær nýting á auðlindum - náttúran er sveigjanleg.
  - Sjálfbær nýting á hlunnindum t.d. þörungum, jurtum, berjum og fl.
  - Nýting ræktunarlands.
  - Beitarstjórnun.

- Verkefni tengd rannsóknum og fræðslu
  - Rannsóknir á svæðinu. Öflun þekkingar.
  - Vöktun á landi t.d. með endurtekinni ljósmyndatöku til að geta sýnt breytingar á landinu.
  - Verndun og rannsóknir á jarðmyndunum, samtal um nýtingu, forgangsröðun.
  - Vöktun á fuglum og fuglasvæðum – talningar á fuglum.
  - Vöktun á ál, engin vöktun á ál á Íslandi í dag.

- Fræðslutengd verkefni:
  - Jafningafræðsla. - miðlun á fræðslu á báða bóga. Læra hvert af öðru.
  - Nýta svæðið sem kennslusvæði í náttúrufræðum.
  - Fræðsla frá landeigendum og bændum. - Náttúrufræði og kynning á landbúnaði til almennings.
  - Fræðsla til ferðamanna, bæði innlendra og erlendra.
  - Fræðsla, t.d. vefur með upplýsingum um fuglategundir; sambærilegt sjófuglavef. Fræðsla um válista, nytjar o.fl.
  - Fræða fólk um hvaða áhrif inngrip ef einhver eru, hafa á dýr og náttúru.

- Sýningar á árangri verkefna á opinberum stöðum, t.d. í gestastofum, gæti verið með ljósmyndum eða myndböndum.
- Fræðsla til bænda. Bæta skilning á því hvers vegna verið er að fara í endurheimt vistkerfa. Hvers vegna er verið að huga að fuglalífi og náttúruvernd. Hvaða möguleikar eru fyrir bændur til að fá til baka tekjur af því að bæta umhverfi.

Neikvæð áhrif í samspili verkefnisins við samfélag og umhverfi.

- Ekki áhugi eða skilningur á verkefninu.
  - Spenna milli einstaklinga.
  - Nágrannaerjur.
  - Skortur á samráði.
  - Áhugaleysi sveitarfélaga.
- Fellur ekki inn í rútínuna hjá bændum.
  - Bændur hafa ekki tíma.
  - Ekki áhugi á verkefninu.
  - Mögulega aukinn kostnaður.
  - Heftir e.t.v. búskap á einhvern hátt.
- Aukin umferð utanaðkomandi aðila.
  - Umferð ferðamanna.
  - Umferð á viðkvæm svæði.
  - Umferð á varptíma fugla.
- Þekkingarleysi og skortur á upplýsingaflæði.
  - Hræðsla við vernd eða friðlýsingar.
  - Fólki finnst það missa forræði.
  - Fyrirfram gefnar skoðanir.
  - „Sérfræðingar að sunnan“.
- Ásókn í land til annarra framkvæmda.
  - Vindmyllur.

Aðgerðir til mótvægis við neikvæð áhrif:

- Kynna verkefnið og kosti þess.
- Gott upplýsingaflæði, fræðsla, samráð og samskipti.
- Hugsa vel um útfærslu verkefnisins.
- Samstarf og jafningagrunnur.
- Fræðslan á undan, taki dæmi (erlendis frá) þar sem það er mjög skýrt hvaða þýðingu þetta hefur haft og benda á ef koma efasemdir hvernig hefur verið brugðist við annars staðar.
- Áætlun – stjórnunar- og verndaráætlun.
- Uppbygging innviða – gönguleiðir.
- Stýring umferðar á ákveðnum svæðum/tímum.

- Upplýsingaskilti til að beina fólki á rétta staði.
- Bændur þurfa að taka sjálfir eftir hvaða takmarkanir eru og finna það hjá sjálfum sér að taka upp verkefni.
- Framlög til náttúruverndar - Sýna fram á að það verði beinn ávinningur og mikilvægi þess.
- Landbúnaði er víða að hnigna. - Leið til að snúa vörn í sókn.
- Tengja við markað. - Aukið virði afurða.
- Tengja við ungt fólk, skóla og/eða félagskap.
- Tala saman.

Mynd 4
Rjúpa á klapparholti við Staðarhraun. Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

Kynningar og fræðsla

Fyrstu kynningar á verkefninu fyrir íbúa á tilraunasvæðinu voru á formi tölvupósta til formanna starfandi búnaðarfélaga og voru þeir beðnir um að dreifa áfram til sinna félagsmanna. Einnig var boðið upp á kynningarfundi með búnaðarfélögum og þáðu formenn Búnaðarfélags Staðarsveitar og Búnaðarfélags Eyja- og Miklaholtshrepps slíka kynningu. Til stóð að halda almenna kynningarfundi á svæðinu en vegna samkomubanns var það ekki gerlegt og var kynningarefnið annars vegar bæklingur[9] sem sendur var inn á hvert heimili á svæðinu í byrjun apríl og hins vegar grein í Bændablaðinu sem birtist 2. apríl 2020[10]. Í kjölfar þessara kynninga var röð netfyrirlestra sem fóru fram frá því um miðjan apríl og fram í byrjun maí. Þar var fjallað um hugmyndafræðina sem verkefnið er byggt á, dæmi tekin úr erlendum verkefnum en þar var dr. Brendan Dunford fenginn til að fjalla um verkefnið Burren Programme og lýsa reynslu bænda og fræðimanna af því verkefni. Þarna voru einnig nokkrir fyrirlestrar um náttúrulega sérstöðu svæðisins og verndargildi þess, auk fræðslu og miðlunar á hagnýtum upplýsingum þar sem búrekstur og náttúra styðja hvort annað. Fyrirlestrarnir voru teknir upp og eru aðgengilegir á heimasíðu RML[11].

Netfyrirlestraröð LOGN 2020

Dags	Heiti fyrirlestrar	Flutt af:
14.apríl	Kynning á LOGN	Sigurður Torfi Sigurðsson - RML
15.apríl	Kynning á erlendu verkefni	Dr. Brendan Dunford - Burren Programme
17.apríl	Viðhorf bænda – Pallborð Bændur í pallborði voru: Sigrún Ólafsdóttir Hallkelsstaðahlíð Unnsteinn S. Jóhannsson Laxárholti Þröstur Aðalbjarnarson Stakkhamri	Berglind Ósk Alfreðsdóttir - RML stýrir umræðum við bændur
20.apríl	Náttúruvernd og friðlýsingar	Jón Björnsson - þjóðgarðsvörður í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli
22.apríl	Gróður og vistgerðir	Olga Kolbrún Vilmundardóttir - NÍ Sunna Björk Ragnarsdóttir - NÍ
24.apríl	Fuglar og spendýr	Kristinn Haukur Skarphéðinsson - NÍ Ester Rut Unnsteinsdóttir - NÍ
27.apríl	Endurheimt vistkerfa	Iðunn Hauksdóttir - Landgræðslunni
29.apríl	Líf í vötnum - Fiskar í straum- og stöðuvötnum á Mýrum og sunnanverðu Snæfellsnesi.	Jóhannes Guðbrandsson - Hafrannsóknarstofnun
30.apríl	Búrekstur og náttúruvernd - Hagnýt atriði og möguleg verkefni	Berglind Ósk Alfreðsdóttir – RML Sigurður Torfi Sigurðsson – RML Snorri Þorsteinsson - RML
4.maí	Endurheimt skóga	Hreinn Óskarsson - Skógræktinni
6.maí	Náttúruvernd og landbúnaður í skipulagi sveitarfélaga	Ragnar Frank Kristjánsson -Borgarbyggð
8.maí	Búrekstur og náttúruvernd - Raunhæf nálgun, nýsköpun og rekstur	Sigurður Torfi Sigurðsson - RML

Tafla 1. Netfyrirlestraröð LOGN 2020

[9] Viðauki - Auglýsingabæklingur

[10] Sigurður Torfi Sigurðsson (2020, 2.apríl). Tækifæri til þátttöku í mótun nýrra aðferða við náttúruvernd á landbúnaðarsvæðum – LOGN 2020, næstu skref verkefnisins. *Bændablaðið*, bls. 41.

[11] RML (vefsíða). *LOGN – Upptökur af netfyrirlestrum* https://www.rml.is/is/radgjof/annad/landbunadur-og-natturuvernd-logn/logn-upptokur-af-netfyrirlestrum

Auglýsing um þátttöku

Í kjölfar fyrstu netfyrirlestranna var auglýst eftir áhugasömum bændum til að taka þátt í verkefninu. Auglýsingar voru bæði birtar á heimasíðu og facebook-síðu RML en einnig var auglýsing í greininni um verkefnið sem birt var í Bændablaðinu og í kynningarbæklingnum sem dreift var á öll heimili á svæðinu. Skráningarform fyrir þátttöku var á heimasíðu RML en einnig var boðið upp á að skrá sig með tölvupósti til verkefnastjóra. Verkefnastjóri hafði einnig samband við nokkra bændur á svæðinu sem höfðu sýnt verkefninu áhuga en höfðu ekki skráð sig eftir að umsóknarfresti lauk. Alls sótt 7 bændur um þátttöku.

Greining á áhorfi á netfyrirlestra

Fyrirlestrarnir voru auglýstir samhliða auglýsingu eftir þátttöku en einnig var reglulega minnt á fyrirlestrana með tilkynningum á heimasíðu og facebook-síðu RML. Áhugasamir skráðu sig til þátttöku á heimasíðu RML. Netföngum var síðan safnað á póstlista sem var notaður til að senda út fundarboð fyrir hvern fyrirlestur. Í rauntíma voru 20 til 34 einstaklingar sem tengdust og tóku virkan þátt í hverjum netfyrirlestri og í umræðum á eftir. Áhorf á upptökur miðað við dagsetningu 9. desember 2020, voru 11 – 112 tengingar.

Nr	Fyrirlestur	Horft í rauntíma	Horft á upptökur
1	Kynning á LOGN	20	102
2	Kynning á erlendu verkefni	24	112
3	Viðhorf bænda	26	14
4	Náttúruvernd og friðlýsingar	25	43
5	Gróður og vistgerðir	25	35
6	Fuglar og dýralíf	34	47
7	Líf í vötnum	25	69
8	Endurheimt vistkerfa	29	40
9	Búrekstur og náttúruvernd	21	11
10	Endurheimt skóga	26	36
11	LOGN í skipulagi sveitarfélaga	25	22
12	LOGN, nýsköpun og rekstur	22	48

Tafla 2. Netfyrirlestraröð LOGN 2020 - áhorf

Eftir netfyrirlestrana var send út könnun til þeirra sem voru á póstlistanum til að kanna þátttöku og viðhorf þeirra til fyrirlestranna. Alls svöruðu 31 einstaklingur könnuninni þar af voru 7 bændur og/eða landeigendur, 10 starfsmenn stofnunar eða ráðuneytis, 7 ráðunautar RML eða starfsmenn BÍ, 5 áhugamenn um náttúruvernd og 1 sem skráði sig „annað“. Öllum þeim sem svöruðu líkaði mjög vel eða frekar vel við efni fyrirlestranna og flestir töldu fyrirlestrana hafa aukið þekkingu þeirra á landbúnaði og náttúruvernd og að efnið höfðaði frekar mikið til bænda. Hentugasta tímasetning fyrir svona fyrirlestra að mati þátttakenda er samkvæmt könnuninni á morgnana eða í hádeginu.

Spurning: Ég er:



Mynd 5

Spurning: Hvernig líkaði þér fyrirlestraröð LOGN 2020?



Mynd 6

Spurning: Hversu marga fyrirlestra sóttir þú?



Mynd 7

Spurning: Hefur fyrirlestraröð LOGN 2020 aukið þekkingu þína á landbúnaði og náttúruvernd?



Mynd 8

Spurning: Telur þú efni fyrirlestranna höfða til bænda?



Mynd 9

Spurning: Hvaða tími hentar þér best til að taka þátt í netfyrirlestrum?



Mynd 10

Ábendingar sem komu fram í könnuninni

- Þar sem fáir bændur/landeigendur tóku þátt í netfyrirlestrunum tel ég nauðsynlegt að með einhverjum hætti verði reynt að ná til landeigenda á því svæði sem um ræðir, t.d. með tölvupóstsendingum, heimsóknum, eða á einhvern annan hátt sem að gagni má koma.
- Það þarf að finna annan tíma fyrir fyrirlestrana, vorin eru ekki hentug. það þarf að hvetja fleiri landeigendur/bændur að hafa erindi og greina frá fyrirmyndar verkefnum er tengjast náttúruvernd. Færri opinbera aðila og því fleiri landeigendur.
- Frábært framtak!
- Þyrfti að virkja bændur betur. En ég veit ekki hvernig er best að fara að því. Mættu þegar þeir voru virkir þátttakendur (pallborð) en varð svolítið sérfræðingaspjall utan þess. Sem var mjög fínt en kannski ekki tilgangur verkefnisins.
- Mjög vel útfært hvernig allt var fært á netið með engum fyrirvara. Mjög vel skipulagt.
- Flott verkefni .
- Meira svona, mjög áhugavert. Takk fyrir mig.
- Já, ekki kannski vegna LOGN, en mín reynsla er sú að sumir bændur er hinir verstu landníðingar á eigin jörð og annara (þar sem ekki er stundaður hefðbundinn búskapur. Telja sig vera í 100% rétti, keyra yfir land, moka og flytja jarðefni í burtu í eigin þágu.
- Mikilvægt verkefni sem ég vona að muni nýtast vel. Mjög mikilvægt að ná til bænda og fá þá til að taka þátt.
- So far so good

Mynd 11
Horft til Snæfellsjökuls. Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

Þátttökubú

Samkvæmt upphaflegri áætlun var reiknað með fimm til sex þátttakendum í verkefninu. Alls sóttu fjórir bændur um þátttöku með skráningum á umsóknarformi og tölvupóstum. Haft var samband við nokkra bændur sem höfðu sýnt verkefninu áhuga og þeim boðin þátttaka. Þrír þeirra stukku á vagninn. Tekin var ákvörðun að bjóða öllum þessum sjö umsækjendum þátttöku þar sem allir stóðust þær kröfur sem gerðar höfðu verið til umsækjenda og erfitt að hafna einum úr hópnum. Einn umsækjenda dró sig síðan til baka þannig að í heildina voru þátttakendur sex talsins og fjöldinn þ.a.l. samkvæmt upphaflegri áætlun.

Þátttökubú í LOGN 2020 voru:

- Álftavatn í Staðarsveit
- Brúarland í Hraunhreppi
- Gufuá í Borgarhreppi
- Staðarhraun í Hraunhreppi
- Stakkhamar í Eyja- og Miklaholtshreppi
- Ystu-Garðar í Kolbeinsstaðahreppi

Verkefnastjóri átti símafundi með öllum þátttakendum í lok maí 2020 til að fara yfir stöðuna og kanna hugmyndir þeirra til verkefna. Í kjölfarið kallaði verkefnastjóri saman hóp sérfræðinga til að rýna hverja þátttökubújörð fyrir sig, kortleggja náttúruleg sérkenni þeirra og helstu möguleika á LOGN-verkefnum. Á fundinn mættu fulltrúar frá ráðuneytum UAR og ANR, Landgræðslu, Hafrannsóknarstofnun og Skógrækt. Efni af fundinum var notað til stuðnings á fundum með bændum.

Fyrsta heimsókn til LOGN-bænda var í byrjun júní. Heimsóknin fólst í að skoða aðstæður og safna grunnupplýsingum ásamt því að kanna hug bændanna til verkefna. Allir voru með frekar ómótaðar hugmyndir en áhugasamir um verkefnið í heild sinni. Verkefnastjóri fyllti út ásamt hverjum LOGN-bónda fyrir sig grunnstöðuskýrslu[12] fyrir viðkomandi bújörð. Í skýrslunni var náttúrufari og helstu sérkennum bújarðarinnar lýst ásamt stærð og tegund búskapar og umfangi helstu landnotkunar. Jafnframt voru í skýrslunni settar upp grunnhugmyndir að verkefnum sem LOGN-bændur hafa unnið bæði í sumar og jafnvel áður en verkefnið fór af stað eða stefna á að vinna á næstu árum.

Símafundir með þátttakendum voru í byrjun ágúst til að taka stöðuna. Þeim var fylgt eftir með netfundum í seinni hluta þess mánaðar þar sem betur var farið yfir stöðu og sett fyrir um næstu skref. Þátttakendur skiluðu að loknu sumri stöðuskýrslu[13] og tóku þátt í vinnu- og hugarflugsfundum í byrjun október bæði þar sem LOGN-bændur einir mættu og lögðu línurnar fyrir síðari fund sem var með bændum og sérfræðingum og tekið samtal um framhaldið. Síðasta viðtalið við LOGN-bændur fólst í viðtali/spurningakönnun þar sem spurt var um vinnuna við verkefnið LOGN 2020 og hvort hún hafi aukið þekkingu þátttakenda á náttúruvernd eða leitt til breytinga á viðhorfi til náttúruverndar.

[12] Viðauki - Grunnskráningarform
[13] Viðauki – Stöðuskýrsla að hausti

Álftavatn í Staðarsveit

Mynd 12. Álftavatn. Myndina tók Ragnhildur Sigurðardóttir

Á jörðinni Álftavatni búa Gísli Örn Bjarkarson og Ragnhildur Sigurðardóttir. Heildarstærð jarðarinnar er 392 hektarar, en þar er rekið sauðfjárbú með um 500 vetrarfóðraðar kindur.

Helstu náttúrueinkenni Álftavatns

Vatnið Álftavatn, Álftavatnslækur og Staðará setja mikinn svip á staðinn og lífríkið í kring. Mikið fuglalíf er á jörðinni, sérstaklega kringum vatnið. Allar gerðir íslenskra ferskvatnsfiska finnast á jörðinni og mest áberandi eru lax, sjóbirtingur, urriði, hornsíli og álar. Útsýnið er stórbrotið, fjallahringur sem endar í Snæfellsjökli. Norðurendi jarðarinnar nær upp í Hólsfjall en flatlendi þar fyrir neðan einkennist af votlendi á milli klappa- og melholta. Suðurhluti jarðarinnar liggur með Staðará og nær að jaðri svæðisins sem tillaga er um að setja á B-hluta náttúruminjaskrár.

Vatnið Álftavatn er flatlendisvatn (V1.1) samkvæmt vistgerðakorti NÍ og hefur mjög hátt verndargildi samkvæmt lista Bernarsamningsins frá árinu 2014. Aðrar einkennandi vistgerðir á bújörðinni eru samkvæmt vistgerðarkorti NÍ, tjarnstararflóavist sem einnig hefur mjög hátt verndargildi, starungsmýrarvist og brokflóavist sem hafa hátt verndargildi og lyngmóavist á láglendi, grasmelavist og hraungambravist.

Hugmynd að LOGN-verkefni á Álftavatni

Safna upplýsingum um náttúru svæðisins þ.e. jarðfræði, gróður og fugla. Safna örnefnum og sögum, leggja grunn að örnefnakorti.

Leggja grunn að reglubundinni vöktun á gróðri og fuglalífi, leggja áherslu á vatn og læk úr vatni og svæði við Staðará t.d. með myndatöku, plöntugreiningu, skráningu á veiði og fuglatalningu (sniðgöngu).

Skoða jörðina í heild og leggja drög að þróun á heildstæðri umhverfisstefnu og áætlun fyrir Álftavatn.

Helstu markmið verkefnisins

1. Grunnskráning byggð á bestu fáanlegu upplýsingum um náttúruverndargildi jarðarinnar, flóru og fánu. Sérstök áhersla verður lögð á fiska og fugla.
2. Heildstæð umhverfisstefna og umhverfisáætlun fyrir jörðina með áherslu á friðlýstar tegundir (a.m.k. Flórgoða og tvær álategundir), loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.
3. Örnefnakort, sögu- og fornminjaskráning.

Staða verkefnisins haust 2020

Búið er að leggja grunn að verkefnunum og búa til sniðmót. Samstarf og samvinna við viðeigandi stofnanir og sérfræðinga innan þeirra hafin.

Áætlað framhald á verkefninu

Fyrst þarf að klára grunnskráningu, byggða á bestu fáanlegu upplýsingum um náttúruverndargildi jarðarinnar, jarðfræði, flóru og fánu. Sérstök áhersla verður lögð á fiska og fugla. Þá er hægt að svara spurningunni: Er eitthvað merkilegt við þennan stað? Hvað er það? Hvert er verndargildið og hvað þarf/á að vernda? Ábúendur vita nú þegar um Flórgoða og tvær friðlýstar álategundir.

Út frá þessu er hægt að gera umhverfisstefnu og umhverfisáætlun fyrir jörðina. Taka þarf mið af því sem þarf að vernda á þessum stað (sjá lið 1) en líka heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, markmiðum Íslands í loftslagsmálum, umhverfisstefnu Snæfellsness o.fl.

Mynd 13. Álftavatn í kvöldrökkri.
Myndina tók Ragnhildur Sigurðardóttir

Hluti af lið 1 og 2 hér að framan er örnefnakort, sögu- og fornminjaskráning, sem liggur að hluta til fyrir en þarf að uppfæra miðað við nýjustu gögn og bestu fáanlegu skráningartækni t.d. hitamynd úr dróna o.fl. Ölkelda finnst á jörðinni, óvenjumargar mógrafir o.fl.

Helstu vörður í verkefninu

1. Grunnskráning byggð á bestu fáanlegu upplýsingum um náttúruverndargildi jarðarinnar, flóru og fánu. Sérstök áhersla verður lögð á fiska og fugla. Klára 2021.
2. Örnefnakort, sögu- og fornminjaskráning. Ljúka 2021.
3. Heildstæð umhverfisstefna og umhverfisáætlun fyrir jörðina, sem verður svo endurskoðuð árlega og alltaf sett mælanleg markmið. Fyrstu drög tilbúin 2021.

Framtíðarsýn ábúenda og ávinningur af verkefninu

Grunnskráning byggð á bestu fáanlegu upplýsingum um náttúruverndargildi jarðarinnar, flóru og fánu. Sérstök áhersla verður lögð á fiska og fugla. Þetta gefur grunn og þekkingu til að byggja á stjórnunarákvarðanir. Með því að leiða saman sérfræðinga og nýjustu tækni og ábúendur sem þekkja jörðina og hafa hana fyrir augunum alla daga, er hægt að fá mjög heildstæða mynd. Með þessum upplýsingum er hægt að vinna umhverfisstefnu og umhverfisáætlun fyrir jörðina.

Gott væri að hafa líka uppfært örnefnakort, sögu- og fornminjaskráningu og jarðfræðikort.

Kortleggja þær breytingar sem hafa orðið vegna loftslagsbreytinga, þessi 22 ár sem Ragnhildur hefur búið á Álftavatni hefur bleikju t.d. fækkað verulega í Staðará enda er hún sú ferskvatnstegund sem vill kaldasta vatnið. Flundra hefur á móti byrjað að ganga upp í ána. Ábúendur sjá ákveðnar breytingar, sumar náttúrulegar og velta t.d. fyrir sér hvort ástæða sé til að fara í endurheimt votlendis, t.d. með því að fylla upp í skurð sem liggur í vatnið, til að lengja líftíma vatnsins sem er grunnt og næringarríkt og skapar búsvæði fyrir fjölda dýrategunda.

Ábúendur vonast til þess að áfram verði hefðbundinn búskapur á Álftavatni, fjölskyldueining sem býr með og á landinu, þar sem ábúendur skilja hringrásar- og vistkerfin og vinna á sjálfbæran hátt eftir metnaðarfullri umhverfisáætlun.

Stuðningur sem ábúendur telja að nýtist í þeirra verkefni

1. Þekking og samstarf frá sérfræðingum eins og Sigurði Má um ferskvatnsfiska í vistkerfinu hér (Hafrannsóknarstofnun), Margréti Hrönn Hallmundsdóttur fornleifafræðingi = loftmynd með nýjum dróna með hitamyndavél og sögu/minjagreining af jörðinni (Náttúrustofa Vestfjarða), NÍ, Náttúrustofu Vesturlands o.fl.
2. Tækifæri til að læra af innlendum og erlendum aðilum (góð dæmi t.d. frá Írlandi í þessum fyrsta hluta, mjög fræðandi netfyrirlestrar og jafningjafræðsla).
3. Tenging við aðra bændur á svæðinu, deila góðum dæmum.

Mynd 14. Bændur framtíðarinnar. Myndina tók Ragnhildur Sigurðardóttir

Mynd 15. Votlendi á Brúarlandi. Myndina tók Guðbrandur Brynjúlfsson

Á Brúarlandi búa Guðbrandur Brynjúlfsson og Snjólaug Guðmundsdóttir ásamt syni og tengdadóttur Brynjúlfi S. Guðbrandssyni og Theresu Vilstrup Olesen. Heildarstærð jarðarinnar er 440 hektarar. Tegund búskapar er blandaður búskapur með um 200 vetrarfóðruðum kindum og 105 gyltum ásamt grísum, en einnig er lítilsháttar heysala. Ábúendur hafa að auki laxveiðihlunnindi í Álftá.

Helstu náttúrueinkenni Brúarlands

Land jarðarinnar Brúarlands, sem liggur að vesturbakka árinnar Álftár á Mýrum, einkennist af votlendi með stöku klapparholtum inn á milli. Meðfram ánni, frá svonefndum Rolluklettum og að mörkum Brúarlands og Hrafnkelsstaða rétt ofan við fossinn Kerfoss í Álftá, er nær samfellt holta- og klappabelti með litlum gróðurvana aurmelum á stöku stað. Nyrst í landareigninni er allstórt stöðuvatn, Vestra-Blönduvatn og á Brúarland á að giska 1/5 af því á móti jörðinni Saurum. Úr vatninu rennur Blöndukelda / Blöndulækur sem sameinast Álftá neðan við Hrafnkelsstaði. Við Blöndukeldu var gjöfult engi sem nýtt var til slægna áður fyrr. Vestan og neðan Blönduvatns eru allháar klettaborgir er nefnast Bólsholt, Stóra- og Litla-Bólsholt.

Þar sem landið er blautast er brokflóavist helsta gróðureinkennið, en þar sem þurrara er vaxa fleiri starartegundir, ásamt ýmsum blómjurtum, krækiberja- og bláberjalyngi, fjalldrapa og mosa. Á stöku stað má finna skógviðarbróður. Samkvæmt vistgerðakorti NÍ eru mest áberandi vistgerðir

starungsmýrarvist og brokflóavist, en þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum.

Fuglalíf er allfjölbreytt , vaðfuglar, mófuglar, gæsir og álftir. Minkur var algengur áður fyrr og refur í seinni tíð. Tún og beitarland fyrir sauðfé er í norðausturhorni jarðarinnar, allt innan girðinga. Dálítil silungsveiði er í Blönduvatni og lax og sjóbirtingur í Álftá. Álftáin er í útleigu.

Mynd 16
Gróður í engjum. Myndina tók Guðbrandur Brynjúlfsson

Hugmynd að LOGN-verkefni á Brúarlandi

Verkefni afmarkast af landi suðvestan og vestan túngirðingar. Þetta land er nær alfriðað um þessar mundir og ekkert nýtt af ábúendum Brúarlands, en sauðfé frá nágrannabæjum kemur í litlum mæli á landið vor og haust. Áformað er að varðveita þetta svæði sem friðland fyrir fugla. Áhugavert væri að safna upplýsingum um náttúru svæðisins, jarðfræði, gróður og fugla. Þá væri æskilegt og fróðlegt að leggja grunn að reglubundinni vöktun á náttúru þess, gróðri og dýralífi.

Fyrirhugað er að loka framræsluskurðum suðvestan túngirðingar í einhverjum áföngum. Æskilegt væri að fá mælingar á CO_2 útblæstri, og eða breytingar á grunnvatnsstöðu, til að meta áhrif endurheimtar votlendis.

Mynd 17. Gamall framræsluskurður. Myndina tók Guðbrandur Brynjúlfsson

Helstu markmið verkefnisins

1. Verndun fuglalífs. Halda vargi (mink og tófu) í skefjum.
2. Endurheimt votlendis. Mælingar á breytingum á CO_2 útblæstri.
3. Vöktun á gróðri og dýralífi.

Staða verkefnisins haust 2020

Verkefnið er á byrjunarreit. Teknar voru myndir um miðjan ágúst af gróðursamfélagi svæðisins þar sem endurheimta á votlendi. Sigurður Torfi og Iðunn Hauksdóttir hafa skoðað hluta þess sama svæðis.

Áætlað framhald á verkefninu

Framhald verkefnisins verður í formi endurheimtar votlendis í áföngum og söfnun upplýsinga um breytingar á náttúru þess svæðis og dýralífi, eftir því sem tök verða á.

Helstu vörður í verkefninu

Ekki tímabært að skrásetja eitthvað um þetta eins og staðan er.

Framtíðarsýn ábúenda og ávinningur af verkefninu

1. Endurheimt votlendis-minni CO_2 útblástur.
2. Auðugra fuglalíf.
3. Þar sem landsvæðið er nær alfriðað fyrir beit verður fróðlegt að sjá hvaða breytingar kunna að verða á gróðurfari og tegundasamsetningu í tímans rás.

Stuðningur sem ábúendur telja að nýtist í þeirra verkefni

1. Ráðgjöf.
2. Aðstoð fagfólks við vöktun á gróðri og dýralífi, einkum fugla.
3. Fjárhagsleg aðstoð Votlendissjóðs vegna blotnunar framræsts lands.

Gufuá í Borgarhreppi

Mynd 18. Gufuá. Myndina tók Sigríður Ævarsdóttir

Á Gufuá búa Sigríður Ævarsdóttir og Benedikt Líndal. Heildarstærð jarðarinnar er um 280 hektarar. Á Gufuá er stundaður blandaður búskapur sem samanstendur af 35-40 hrossum, sauðfjárrækt – forystufé, 12-15 vetrarfóðruðum kindum og 10-12 vetrarfóðruðum geitum fyrir ferðaþjónustu.

Helstu náttúrueinkenni Gufuár

Helstu sérkenni Gufuár eru birkivaxnar klettaborgir eða klapparholt með misblautum mýrarsundum á milli. Landslagið einkennist mjög af þessum klapparholtum, sem eru hluti Borgarnes-andhverfunnar. Jörðin liggur á mörkum upphafs Mýranna og stór hluti útjarðar er mýrlendi með þeim gróðri og landslagi sem votlendi einkennir. Á jörðinni er ein stór endurheimt tjörn svokölluð Rauðatjörn en einnig finnast þar nokkrar minni tjarnir. Áin Gufuá rennur í gegnum jörðina og setur sterkan svip á landslagið. Í ánni er fossinn Foss sem merktur er á inná kort NÍ um sérstaka vernd náttúrufyrirbæra. Meðfram ánni eru sums staðar þurrlendir bakkar og grónar eyrar. Jörðin hefur lítilsháttar hlunnindi af laxveiði í Gufuánni og áður fyrr var í henni mikið af ál. Vel er mögulegt að í henni leynist áll í dag en hann er þá ekki eins sýnilegur og áður var né í sama magni.

Ræktunarskilyrði eru erfið á Gufuá og engjar voru litlar sem engar, en beitarsælt var þar fyrir sauðfé á vetrum. Jörðin fór úr ábúð árið 1964 en var áfram nýtt til sumarbeitar fyrir hross eftir það þar til fyrir u.þ.b. 10 árum. Síðan þá hefur hún ekki verið nýtt með skipulögðum hætti en sauðfé gengið þar á sumrin. Tún eru öll löngu orðin ónýt sem slík, en nýtast ágætlega til sumarbeitar fyrir þjálfunarhross og geitur.

Á jörðinni Gufuá finnast samkvæmt vistgerðakorti NÍ vistgerðir sem hafa hátt verndargildi samkvæmt lista Bernarsamningsins frá 2014. Þar eru mest einkennandi starungsmýrarvist og brokflóavist, en einnig língresis- og vingulvist og graslendisvist. Birkiskógavist er einnig mjög áberandi og einnig mosmelavist og hraungambravist.

Hugmynd að LOGN-verkefni á Gufuá

Safna upplýsingum um náttúru svæðisins þ.e. jarðfræði, gróður og fugla. Leggja grunn að reglubundinni vöktun á gróðri og fuglalífi, t.d. með myndatöku, plöntugreiningu og fuglatalningu (sniðgöngu).

Safna örnefnum og sögum, leggja grunn að örnefnakorti.

Nýta þessar upplýsingar inn í afþreyingarferðaþjónustu sem tengist upplifunum á staðnum m.a. göngutúrum innan LOGN-svæðisins.

Mynd 19
Varða á gamalli þjóðleið. Myndina tók Sigríður Ævarsdóttir

Endurheimt votlendis og leggja drög að uppgræðslu mela og rofsvæða í samvinnu við Landgræðsluna – sennilega árangursríkast með gömlum heyrúllum og húsdýraáburði frá búinu.

Eru að láta gera fyrir sig nýja heimasíðu. Á heimasíðunni verða LOGN-verkefninu gerð góð skil, fjallað um náttúruna og einnig íslensku búfjárkynin og sérstöðu þeirra. Slóðin verður: www.gufua.com

Helstu markmið verkefnisins

1. Vera með í að byggja upp jákvæða ímynd landbúnaðar og náttúruverndar með því að vinna með þar til bærum aðilum að endurheimt landgæða og frekari uppbyggingu náttúrulegra landgæða og búsvæða plantna, fugla, fiska og annarra dýra á jörðinni.
2. Nýta það sem endurheimtist inn í starfsemi jarðarinnar og auka þar með sjálfbærni og möguleika á að lifa af því sem verið er að starfa með á jörðinni.
3. Skapa frekari tækifæri til aukinnar þjónustu með því að bjóða uppá fræðslu fyrir skóla á ýmsum stigum menntunar til að fólk á öllum aldri geti fengið tækifæri til að fræðast um tengsl manns og náttúru, breytingar á nýtingu og verðmætagildi náttúrunnar, mikilvægi kolefnisbindingar og mismunandi aðferðir við hana.
4. Stíga nauðsynleg skref í sjálfbærum landbúnaði og sýna að það sé hægt. Skapa fordæmi fyrir aðra.

Staða verkefnisins haust 2020

Verkefnið er komið í gang, búið að taka út svæðið og meta það. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með Sigurði Torfa og tekin út grunnstaða bújarðarinnar. Komið á samband við Landgræðslu og Votlendissjóð um endurheimt votlendis og það mál komið í ferli. Undirbúningur að því verður unninn í vetur en verkið sjálft fer í gang á næsta ári, fyllt upp í skurði og búin til tjörn á einum stað.

Til hliðar við þetta hafa verið lögð drög að því við Skógræktina að í land (sem reyndar er utan LOGN-svæðisins en þó innan landareignarinnar) verði einungis plantað íslenskum trjátegundum og það unnið með þeim hætti að birkið sem er fyrir og þeir birkilundir sem fyrir eru verði hækkaðir og stækkaðir en ekki plantað í allt land samfleytt. Votlendismýrar munu því standa áfram óraskaðar þrátt fyrir skógræktina.

Áætlað framhald á verkefninu

Næsta ár þarf að fara í að girða allt svæðið af, því mestallar girðingar á svæðinu sem tengist LOGN-verkefninu eru ónýtar. Einnig þarf að setja hlið svo gott sé að komast milli girðinga. Þannig verður hægt að hafa betri umsjón og stýringu á beit hrossa og geita og betra að komast um svæðið. Mögulega verður farið í einhverja göngustígagerð, jafnvel í tengslum við girðingarmál. Nákvæm úttekt á jurtum og fuglatalning verður gerð næsta sumar og hafin skráning á því til næstu ára. Skipulagðar gönguferðir um svæðið hefjast næsta vor og verða allt sumarið og fram á haust. Hugsanlega þarf að gera einhverja brú á ána fyrir göngufólk.

Helstu vörður í verkefninu

Haust 2020 – Verkefni hafið og búið að leggja línurnar.

Vor 2021 – Endurheimt votlendis.

Sumar 2021 – Girðingarvinna + stígagerð.

Sumar 2021 – 2025 – Úttekt á jurtum 15.júlí ár hvert. Ath. hvaða breytingar verða með aukinni beit.

Sumar 2021-2025 – Fuglatalning 30.júní ár hvert.

Mynd 20
Geitur á leik við Gufuá. Myndina tók Sigríður Ævarsdóttir

Vaxandi ferðaþjónusta um svæðið á þessu tímabili.

Framtíðarsýn ábúenda og ávinningur af verkefninu

1. Fá auglýsingu á starfsemi okkar í gegnum verkefnið – sem þá bæði nýtist beint inn í ferðaþjónustuna en einnig sem hvati fyrir aðra að gera eitthvað svipað.
2. Betri jörð þegar fram í sækir en þegar við tókum við henni. Meiri kolefnisbinding, heilbrigðari búskapur. Meiri þekkingu á jörðinni og öllum ábúendum hennar.
3. Atvinnusköpun – óbeint í gegnum verkefnið – ef það styður með beinum og óbeinum hætti við ferðaþjónustuna og eykur áhugann á henni.

Stuðningur sem ábúendur telja að nýtist í þeirra verkefni

1. Auðvitað væri gott að fá fjárhagslegan stuðning t.d. við stígagerð, kostnað vegna girðinga, hliða og brúar svo eitthvað sé talið.
2. Ráðgjöf: Allar ráðleggingar og ábendingar um áhugaverða hluti tengda verkefninu sem geta nýst inn í ferðaþjónustuna og fræðsluna með beinum hætti.
3. Kynning á verkefninu/jörðinni alls staðar út í frá sem getur nýst ábúendum inn í ferðaþjónustuna og þar með til að lifa af jörðinni.

Mynd 21. Gömul rétt við Staðarhraun. Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

Á Staðarhrauni býr Jón Guðlaugur Guðbrandsson ásamt föður sínum Guðbrandi Guðbrandssyni. Tengiliður við LOGN er Jóhannes Guðbrandsson bróðir Jóns Guðlaugs. Heildarstærð jarðarinnar er um 1200 hektarar. Tegund búskapar er blandaður búskapur með um 500 vetrarfóðruðum kindum og um 30 nautgripum (mjólkurframleiðsla) og hrossum.

Helstu náttúrueinkenni Staðarhrauns

Landið einkennist mikið af hrauni sem er að stórum hluta vaxið birkiskógi og kjarri. Víða sjást hraunholt og melar. Votlendi er í suðvesturhluta jarðarinnar og víða eru mýrarflákar á milli mela og hraunholta. Samkvæmt vistgerðakorti NÍ eru mest áberandi vistgerðir í votlendi starungsmýrarvist og brokflóavist, en þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi samkvæmt Bernarsamningnum. Aðrar áberandi landvistgerðir eru birkiskógar, lynghraunvist, mosahraunvist, mosamelavist og hraungambravist.

Ár og lækir eru áberandi og setja svip á landslagið. Þar eru bæði lindár og lækir, en einnig bergvatnsár. Fossar og flúðir eru í ám og lækjum. Mikið líf er í ám og lækjum, lax gengur upp árnar og víða eru mikilvægir hygningarstaðir. Dvergbleikja er í lindám og lækjum. Stór bleikja er í ánni Tálma og sjóbirtingur gengur í Melsá. Álar eru í Hnjúklæk og víða finnast hornsíli.

Tún og beitarhólf fyrir stórgripi og vor- og haustbeit sauðfjár eru vel afmörkuð í suðurhluta jarðarinnar.

Hugmynd að LOGN-verkefni á Staðarhrauni

Endurheimt og útbreiðsla birkiskóga á svæðum sem er illfært að á vélum. Safna fræi og sá og/eða færa sjálfsáðar plöntur til að koma birki á skógarlaus svæði t.d. svæði sem eru rofin. Sérstaklega blettur í Hagahrauni.

Bæta nýtingu skógar til beitar með grisjun á götuslóðum sem gæti auðveldað smalamennsku.

Helstu markmið verkefnisins

1. Auka framgang birkiskógar og nýta á sjálfbæran hátt
2. Halda ákveðnum leiðum (t.d. kindaslóðum og göngustígum) í gegnum skóginn hreinum með reglubundnum grisjunum.

Mynd 22. Sjálfsáð birki í Staðarhrauni. Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

Staða verkefnisins haust 2020

Verkefnið hefur ekki verið endanleg útfært og er ekki hafið.

Áætlað framhald á verkefninu

Óvissa með áframhaldandi búsetu núverandi ábúenda á jörðinni og þ.a.l. ekki verið gerðar áætlanir um framhald verkefnisins.

Helstu vörður í verkefninu

Ekki tímabært að skrásetja eitthvað um þetta eins og staðan er í dag en vörður gætu tengst frædreifingu og áburðargjöf.

Framtíðarsýn ábúenda og ávinningur af verkefninu

1. Bætt beitiland.
2. Kolefnisbinding.
3. Gróðuraukning.

Stuðningur sem ábúendur telja að nýtist í þeirra verkefni

1. Greitt fyrir áburð.
2. Sjálfboðaliðar til framkvæmda.

Mynd 23. Flúðir í Tálma. neðsti hluti Tálmafossa Myndina tók Sigurður Torfi Sigurðsson

Mynd 24. Horft að Stakkhamri. Myndina tók Laufey Bjarnadóttir

Á Stakkhamri búa Laufey Bjarnadóttir og Þröstur Aðalbjarnarson. Heildarstærð jarðarinnar er um 770 hektarar af þurrlendi en þar að auki teljast til jarðarinnar um 1500 hektarar af fjörum og leirum. Tegund búskapar er blandaður búskapur sem telur um 100 nautgripi bæði til mjólkur og kjötframleiðslu, um 20 vetrarfóðraðar kindur og 10 – 15 hross.

Helstu náttúrueinkenni Stakkhamars

Landslag einkennist annars vegar af strandlengjunni, fjörum, fitjum og leirum, þar er t.d. mikið sandrif eða nes, Stakkhamarsnes, sem umlykur ós Straumfjarðarár. Samkvæmt vistgerðakorti NÍ má á Stakkhamri finna vistgerðir sem hafa hátt og mjög hátt verndargildi. Þar á meðal eru vistgerðir í fjöru t.d. bóluþangsvist, sandmaðksleirur og sjávarfitjungsvist.

Til landsins einkennist landið af votlendi. Þar eru helstu vistgerðir brokflóavist, starungsmýrarvist og tjarnastararflóavist sem allar hafa mjög hátt verndargildi. Einnig eru klapparholt og lynggróður áberandi. Á Stakkhamri er mikið og fjölbreytt fuglalíf og þar er m.a. nytjað æðarvarp. Mikilvæg selalátur eru út frá ströndum Stakkhamarsness.

Jörðin Stakkhamar er innan þess svæðis er tilnefnt er í áætlun B-hluta náttúruminjaskrár.

Mynd 25. Dúntekja.
Myndina tók Þröstur Aðalbjarnarson

Hugmynd að LOGN-verkefni á Stakkhamri

Sláttuaðferðir, slá frá miðju og út til jaðra.

Gönguleiðsögn.

Safna örnefnum og sögum, leggja grunn að örnefnakorti.

Kanna tækifæri í að nota straumlínustjórnun (Lean Managment) í bústjórnun og tengja náttúruvernd og umhverfisþáttum. (Hafa áhuga á að minnka olíunotkun og nýta betur búfjáráburð, vantar haugpláss).

Staða verkefnisins haust 2020

Samkomutakmarkanir og útbreiðsla Covid-19 síðla sumars komu í veg fyrir gönguleiðsögn sem til stóð að ábúendur á Stakkhamri leiddu. Í lok sumars helltu ábúendur sér út í byggingaframkvæmdir og báðu um að fá að sitja hjá í verkefninu a.m.k. á meðan þær framkvæmdir eru í gangi en hafa áhuga að koma inn aftur ef það verður í boði.

Mynd 26. Kýr á Stakkhamri. Myndina tók Laufey Bjarnadóttir

Mynd 27. Ystu-Garðar, með Eldborg í bakgrunni. Myndina tók Þóra Sif Kópsdóttir

Á Ystu-Görðum búa Andrés Ölversson og Þóra Sif Kópsdóttir. Heildarstærð jarðarinnar er 440 hektarar. Stórt sauðfjárbú er á Ystu-Görðum sem telur um 1000 vetrarfóðraðar kindur. Annar bústofn er nokkrar endur.

Helstu náttúrueinkenni Ystu-Garða

Jörðin nær frá fjallsbrún og töluvert niður fyrir Eldborg. Efri hluti jarðarinnar er vel gróið ræktarland en efst næst fjallsrótum er mikið af vatnsuppsprettum og er neysluvatnið tekið þar. Eitt af einkennum miðhluta jarðarinnar er niðurgrafinn lækur með nokkuð vel grónum lækjarbrekkum.

Neðan þjóðvegar út að Eldborgarhrauni er frekar blautur flói sem er nýttur sem beitarland. Á milli flóans og hraunsins er melasvæði sem er að mestu búið að græða upp.

Svo tekur við birki vaxið hraunið með lággróðri og einstaka grasi vöxnum lautum á milli. Til Ystu-Garða tilheyrir að hálfu leyti náttúruvættið Eldborg og hluti þess friðlands sem er umhverfis Eldborg.

Hugmynd að LOGN-verkefni á Ystu-Görðum

Gera landnýtingaráætlun með sjálfbæra nýtingu og vottun í huga, bæði fyrir skóg og innan girðingar.

Skoða hvernig við getum mögulega bætt afurðir með betri landnýtingu.

Finna myndir teknar í Eldborgarhrauni og taka myndir árlega af sama svæði, einnig að taka árlega myndir af öðrum ákveðnum svæðum. Búa þar með til gagnagrunn mynda af svæðinu.

Safna saman gögnum um allar þær plöntutegundir sem finnast á landi Ystu-Garða. Mögulega gera plöntubók búsins.

Helstu markmið verkefnisins

1. Markmið er að landið sé allt í framför og viðhaldi fjölbreytileika sínum.
2. Safna haldbærum upplýsingum um gróðurframvindu með myndatökum.
3. Bæta afurðir búsins og verðmæti afurðanna.
4. Auka þekkingu á gróðri til að geta miðlað þekkingunni áfram.

Mynd 28. Einir í Eldborgarskógi. Myndina tók Þóra Sif Kópsdóttir

Staða verkefnisins haust 2020

Búið er að gera lýsingu á jörðinni og ákveða hvaða stefnu verkefnið á að taka fyrir búið og gera markmið fyrir verkefnið.

Byrjað að taka myndir til vöktunar og að leita að gömlum myndum teknar í Eldborgarhrauni.

Áætlað framhald á verkefninu

Ábúendur líta á LOGN sem langtímaverkefni og verða LOGN-verkefni búsins í vinnslu næstu árin. Sumu, eins og t.d. vöktun með myndatöku verður vonandi aldrei hætt.

Hugsanlega verða skoðaðir möguleikar á að nýta afurðir úr Eldborgarhrauni svo sem einiber og annan gróður.

Helstu vörður í verkefninu

1. Á hverju ári, myndataka þegar góður er í fullum skrúða.
2. Vera búin að læra að gera plöntubók fyrir sumar 2021.
3. Haust 2021, vera komin með 1. hluta tegundagreiningar á gróðri í Eldborgarhrauni.
4. Skoða möguleika á tungunni með betri beit til að auka afurðir.
5. Haust 2022, 2. hluti tegundagreiningar á tungunni.
6. Haust 2023, 3. hluti tegundagreiningar á hlíðinni.
7. Haust 2024, 4. hluti tegundagreiningar á túnum.

Framtíðarsýn ábúenda og ávinningur af verkefninu

1. Betri og sjálfbær nýting á landinu.
2. Gagnasöfnum og hafa heimildir á blaði til að nota í umræðunni varðandi sauðfé og skóg.
3. Betri ímynd til að markaðssetja vörur.
4. Betri þekking á landinu.

Stuðningur sem ábúendur telja að nýtist í þeirra verkefni

1. Beinn tímabundinn fjárhagsstuðningur myndi hjálpa mikið í byrjun því þetta tekur tíma frá annarri vinnu.
2. Aðgangur að sérfræðingum svo sem varðandi landnýtingu og fleira.
3. Kennsla í plöntugreiningu.

Mynd 29. Skrautfé Þóru í Ystu-Görðum. Myndina tók Þóra Sif Kópsdóttir

Grasrótin - Reynsla þátttökubænda

Ein af grunnhugmyndum LOGN-verkefnis er að byggja verkefnið upp úr grasrótinni þannig að þátttakendur fái að vera mótandi í framtíðarfyrirkomulagi verkefnisins. Til að mæta þessu voru LOGN-bændur boðaðir á vinnu- og hugarflugsfund þar sem þeim gafst kostur að ræða um verkefnið sín á milli og deila reynslu sinni með öðrum þátttakendum. Fundurinn fór fram í fjarfundarformi og voru þetta fyrstu skrefin í úrvinnslu og uppgjöri eftir vinnu sumarsins. Á fundinum voru einungis LOGN-bændur auk verkefnastjóra og tveggja annarra starfsmanna RML. Þ.a.l. gátu LOGN-bændur átt samtalið á jafningjagrunni og án truflunar annarra hagsmunaaðila. Þátttakendur deildu með sér reynslu sinni af verkefninu og drógum við þar út bæði jákvæða og neikvæða punkta, einnig var rætt um hvaða verkefni þátttakendur sjái fyrir sér í LOGN og hver ekki. Þá ryndu þátttakendur í hvaða aðstoð þeir telji sig þurfa og hvaða fjárhagslegu hvatar gætu ýtt undir að bændur tækju þátt í LOGN-verkefnum. Að lokum unnu þátttakendur SVÓT-greiningu, sem var byggð á reynslu þeirra.

Vinna þessa fundar var síðan kynnt á fundi með stærri hóp þar sem saman komu bæði bændur og sérfræðingar fagstofnana og lögð þar til grundvallar samtali milli þessara hópa. Á þann fund mættu fulltrúar flestra stofnananna sem tóku á einhvern hátt þátt í LOGN 2020. Umræða var mjög jákvæð og almenn ánægja með verkefnið í heild sinni og sáu þátttakendur fundarins tækifæri í LOGN m.a. sem verkfæri í náttúruvernd. Þá barst umræðan að hvernig meta skuli árangur af svona verkefnum og hvort við þurfum að fara að beina fókusnum meira á árangur frekar en aðgerðina sjálfa sem felst í verkefninu.

Punktar frá vinnu- og hugarflugsfundi LOGN-bænda

Reynsla þátttakenda úr verkefninu

Jákvæðir punktar:

- Áhugavert og skemmtilegt.
- Netfyrirlestrar komu vel út, betra form og hægt að geyma upptökur til að nota áfram við miðlun fræðslu.
- Jákvætt að fá þekkingu beint frá sérfræðingum í bland við jafningjafræðslu.
- Verkefnið getur opnað markaðsleg tækifæri fyrir vörur og afurðir.
- Verkfæri til að nota í umræðuna – Sýna hvað er verið að gera vel (jákvæð skilaboð).
- Skapar jákvæða ímynd af landbúnaði og bændum - Þátturinn í Landanum var stórt skref í ímyndarsköpuninni.

Neikvæðir punktar:

- Of seint að byrja í maí.
- Erum á eftir nágrannaþjóðum (höfum þá tækifæri til að læra af þeim það jákvæða og af þeirra mistökum - og hvernig svona getur orðið hluti af landbúnaðarkerfi eða til að styrkja byggðaþróun).
- Vantar skýrari punkta um hvað á að gera.

Verkefni sem þátttakendur telja að eigi heima í LOGN

- Endurheimt vistkerfa.
- Varðveisla á svæðum, þ.e. halda þeim óbreyttum – vernda vistkerfi.
- Fuglafriðlönd – e.t.v. að verja svæði fyrir ágangi vargs.
- Umhverfisáætlun fyrir bújörð í heild sinni – horfa á stóru myndina.
- Greining á náttúrufari og sérkennum bújarða.
- Vöktun á landi / -vistkerfum / -gróðri / -vatnalífi / -fuglalífi. Skoða með sérfræðingum og fá tilsögn – möguleiki að nota myndatökur, dróna o.fl.
- Beitarstýringar – sjálfbær nýting gróðurlenda.
- Saga landsins – hvaðan koma örnefnin (sögur, álfar, huldufólk o.fl.). Líkur eru á að þeir sem þekkja sögu landsins og örnefni á bújörð sinni beri meiri virðingu fyrir landinu.
- Tengja við búskaparhætti t.d. betri nýtingu áburðar, nýtingu búfjáráburðar, tækni o.fl.

Verkefni sem þátttakendur telja að eigi ekki heima í LOGN

- Þátttakendur tóku umræðu um þetta og töldu að verkefnið væri það sveigjanlegt og opið að hægt væri að finna flöt fyrir flest verkefni. Nokkuð samhljóma álit var að meta þyrfti hverja jörð fyrir sig og umhverfið í kring og taka ákvörðun út frá því.
- Dæmi sem komu upp sem neikvæð verkefni:
    - Skógrækt (nytjaskógrækt) - stundum jákvætt (loftslagsmál, verndun jarðvegs) og stundum neikvætt.
    - Notkun á lúpínu (oft umdeild aðgerð).
    - Vindmyllur.
    - Malarnám.

Aðstoð sem LOGN-bændur telja að liðki til við framkvæmd verkefna

- Í upphafi þarf mikla handleiðslu og faglega ráðgjöf - RML, sér ekki annan betri aðila til að koma að því.
- Fjárhagsaðstoð - þarf að hafa í huga hvaða þörf er á henni og á hvaða formi er best að veita hana.
- Samvinna stofnana við RML.
- Fá kennslu í hvernig maður framkvæmir vöktun og plöntugreiningar og aðferðafræði vöktunar.
- Tenging við nýsköpun.
    - Þróa vörur út frá því hvað er verið að gera í verkefninu (þegar lengra er komið inn í verkefnið).
    - Markaðssetja sig sérstaklega og reyna að fá meira út úr þeim afurðum sem þeir setja á markað.
- Önnur verkefni sem tengjast því að fá hærra afurðaverð - aðstoð við að sækja um í sjóði tengda þessum verkefnum hvaðan sem sú aðstoð kæmi.

Fjárhagslegir hvatar

Þátttakendur voru sammála um að fjárhagslegur stuðningur frá opinberum sjóðum gæti virkað sem hvati í verkefninu líkt og gert er víða erlendis. Þetta var aðeins rætt á fundinum en ekki komu neinar niðurstöður um hvar og hvernig best væri að setja þetta fram, en þátttakendur þó sammála um að slíkur stuðningur myndi hafa jákvæð áhrif á verkefni og virka sem hvati fyrir bændur.

SVÓT-greining unnin af LOGN-bændum

Innri áhrif	
Styrkleikar	**Veikleikar**
• Áhugi • Bændur oft aldir upp á jörðinni og þekkja hana út og inn. • Reynsla í áætlanagerð (áburðaráætlanir o.fl.). • Sérfræðingar og landeigendur tali saman dýrmætt fyrir verkefnið og áframhaldandi vinnu. • Reynslan og þekkingin á landinu. • Fá hvatningu og utanumhald frá RML. • „Lífstílsbúskapur“ eða ástríðan fyrir – eru að gera þetta af hjarta og sál. • Tæki og kunnátta í verklegum framkvæmdum. • Þú ert þarna - gefur tækifæri á vöktun á landi hjá þeim sem búa og nytja það - bændur í annarri stöðu en náttúrufræðistofur og er oft vanmetið.	• Skortur á tíma til að sinna verklegum framkvæmdum. • Ef kostar fjármuni að framkvæma ákveðna þætti - geta verið af skornum skammti. • Tímaleysi. • Vantar peninga í verkefnið - yrði meiri hvatning fyrir þátttakendur til að standa sig. • Vantar verkfæri til að vinna þessa vinnu.
Ytri áhrif	
Tækifæri	**Ógnanir**
• Sýna hver ávinningurinn er í landbótum. • Ef fjármagn kemur inn eru það tækifæri. • Möguleg tækifæri í frekari vinnu sem geta fært tekjur (þrátt fyrir lífstílinn). • Markaðslegur ávinningur. • Ímyndin - stórt tækifæri bæði fyrir bændur í heild og Snæfellsnesið. • Verkfæri í hendur bænda. • Gera landið sitt betra og fá meiri þekkingu á því. • Vistfræði er flókin - og fá betri gögn til að gera rétt. • Tækifæri til að setja sér markmið á hverju ári - fá verkfæri sem nýtist. • Tækifæri til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. • Tækifæri fyrir landeigendur til að taka þátt í skemmtilegri vinnu og verkefni.	• Ef fjármagn fæst ekki fyrir framgang verkefnisins. • Umræðan getur verið óvægin - en erum ekki hrædd og stígum inn í. • Ef menn eru að skapa sér meiri vinnu fyrir sömu tekjur. • Nágrannar - t.d. endurheimt votlendis – getur haft neikvæð áhrif á næstu jörð eða það sem næsti landeigandi hefur í huga í nýtingu þess lands. Annað dæmi gæti verið tengt beit. • Skipulagssvið sveitarfélaga. (Ytra umhverfi) • Stjórnvöld - stjórnarskipti- aðrar áherslur og stefnu. • Áhugaleysi samstarfsaðila.

Tafla 3. SVÓT-greining LOGN-bænda.

Síðasta formlega samtal verkefnastjóra við LOGN-bændur í LOGN 2020 var í formi fjarfundar eða símafundar. Það var heildaryfirferð yfir verkefnið, farið yfir hvernig þeir töldu sig standa og hvernig þeim líkaði þátttaka í verkefninu. Viðtalinu var skipt í tvennt, annars vegar var óformlegt tal um stöðu hvers verkefnis, en hins vegar lagði verkefnastjóri fyrirfram ákveðnar spurningar fram samkvæmt viðtalsramma[14] til að kanna hvort verkefnið hafi staðist væntingar að mati þátttakenda og hvort það hafi leitt einhverra til viðhorfsbreytinga í garð náttúruverndar.

Þátttakendur voru heilt yfir nokkuð sáttir með árangur verkefnisins og töldu það hafa að mestu leyti uppfyllt markmið og væntingar þeirra. Flest nefndu að væntingar hafi verið frekar óljósar í byrjun og kannski hafi ekki verið tekið nógu skýrt fram hvað ætti að gera í verkefninu. LOGN 2020 hafi þó hreyft við þeim í jákvæða átt og þau töldu verkefnið hafa skilið eftir þekkingu sem þau gætu nýtt áfram og haft til viðmiðunar við sinn búrekstur.

Viðtalsramminn byggðist upp á þremur spurningum, þar af tveimur sem voru í nokkrum liðum. Hér að neðan verða spurningarnar listaðar upp og svör þátttakenda dregin saman þar sem hægt er.

1 Hvernig fannst þér að taka þátt í verkefninu?

- Þetta var fínt, er ánægð með þetta.
- Kem að þessu frá báðum hliðum, finnst hugmyndin góð og skemmtileg. Telur að það þurfi tíma og meiri samskipti til að verkefnið nái, Covid setti strik í reikninginn, heldur að best sé að taka meira kaffispjall og skoða saman. Besta leiðin til að ná til bænda er að hitta þá heima, taka spjall og skoða hlutina með þeim.
- Fannst mjög gaman að taka þátt.
- Fannst verkefnið skemmtilegt og mjög áhugavert maður fær oft breytta sýn á viðfangsefnið t.d. með því að spjalla í hópi, það víkkar oft sjóndeildarhringinn.
- Fannst áhugavert og gaman að taka þátt, var búin að bíða lengi eftir svona verkefni sem er opið og tekur mið af því sem er á staðnum.

1.1 Á skalanum 1-5 hvernig fannst þér verkefnið takast í heild sinni?

- Meðaltal: 4,3



Mynd 30

[14] Viðauki - Viðtalsrammi

1.2 Hvað var jákvætt?

- Samtalið er um flókin mál og það eru margar stofnanir sem koma að þessu og með verkefninu er verið að byggja brýr. Það eru allir sammála í grundvallaratriðum en kannski ekki í útfærslum. Í þessu verkefni er verið að byggja upp traust á milli aðila sem oft vantar. Þetta er gott fyrir alla bæði litla aðila eins og t.d. bændur og einnig fyrir stærri svæði t.d. sveitarfélög í heild.
- Í LOGN er horft heildstætt á verkefni á sviði umhverfismála og náttúruverndar ekki bara verið að skoða eitthvað þröngt svið eða aðeins eitt atriði eins og t.d. í mörgum verkefnum á vegum Landgræðslu og Skógræktar.
- Fyrir heildina finnst þátttakanda frábært að það sé eitthvað svona verkfæri í gangi, þar sem fleiri eru með og geta beitt sér fyrir einhverju sameiginlegu, það er meira afl í gegnum það. Þetta er gott fyrir bændur og viðhorfið (út á við). Þetta er samtal þarna, en er ekki bara einhver stofnun sem ákveður allt. Þekking bænda notuð og miðað við hvað er til staðar á hverjum bæ en ekki einhver ein leið fyrir alla.
- Þetta skerpir sýn manna og skilning á mikilvægi náttúruverndar.
- Alltaf gaman að læra eitthvað nýtt, breytir viðhorfi og það opnast aðrar gáttir. Sér landið sitt öðruvísi eftir að hafa tekið þátt í verkefninu.

1.3 Hvað var neikvætt?

- Covid setti strik í reikninginn, hafði samt jákvæð áhrif að nokkru leyti, lentum í tímahraki, námskeið mega ekki vera í maí. Vegna Covid var heldur ekki hægt að fara í fræðslugöngur eins og áætlað var. Covid setti neikvæðan punkt, hefði jafnvel unnist betur ef ástandið hefði verið eðlilegt og meira hægt að vera á staðnum.
- Takmarkandi er fyrir verkefnið er ef horft er bara á eina jörð t.d. út frá ferskvatni, vistkerfi ná lengra en bara að landamerkjum, þarf að horfa meira á heildina, gott dæmi eru laxveiðiár en þar þarf að horfa á samfelluna, kannski betra að horfa frekar á samfelluna en bara stakar jarðir.
- Tímin sem fer í þetta – allt er í hægagangi þessa dagana – ástandið spilar þar inn.
- Vantar meiri upplýsingar þannig að þátttakendur viti meira, hafi markmið verkefnisins meira á hreinu, hafi skýr markmið.
- Það mætti vera bæklingur sem þátttakendur hefðu í höndunum um verkefnið, jafnvel vinnubók sem þátttakandi útfyllir í og notar á svæðinu fyrir sitt bú, leiðbeiningar eða verkefnabók. Eitthvað sem heldur utan um verkefnið.
- Ekkert sérstakt neikvætt en það má alltaf gera betur.

Tengt spurningum 1.2 og 1.3:

- Vantar oft samráð milli landeigenda og sérfræðinga stofnana. Oft gleymist að setja í forgang að láta vita að rannsóknir eða vinna sé að fara fram á landinu, þarf að vinna betur með landeigendum og að tengja saman þekkingu. Einstaklingar sem eiga landið og búa á svæðinu vita hvernig náttúran er. Vantar að meta til fulls þann mannauð sem er út um allt land og býr á svæðum þar sem verið er að vinna verkefni.
- Finnst umtalið vera leiðinlegt um bændur og í kringum landbúnað og að verkefnið geti verið gott og valdeflandi fyrir bændur. Það verður að hafa samráð við þá ef gera á eitthvað stórt í umhverfismálum og náttúruvernd. Það er búið að tala niður hversu landbúnaður er mikilvægur

í stóru myndinni og meðferð á landi. Við erum að hugsa til baka og raunhæft, þegar svona verkefni er kynnt þá sér fólk að þetta er rétt hugsun.

1.5 Var ferlið lærdómsríkt og hvernig?

- Já. Verkefnið var lærdómsríkt og einnig var lærdómsríkt að kynnast sýn hinna þátttakendanna. Það skerpir sýn á náttúruvernd og tengir landbúnaðinn þar inn og hvernig það er gert í samræmi við eðlileg lögmál. Mikilvægt er að umgangast umhverfi og náttúruna á sjálfbæran hátt.
- Já. Fyrirlestraröðin virkaði vel. Fyrirlestur frá Írlandi lærdómsríkur og góður. Það var mjög lærdómsríkt að setjast niður með öðrum bændum og spjalla. Vettvangsferð sem bóndi, starfsmaður RML, héraðsfulltrúi Landgræðslunnar og þjóðgarðsvörður fóru og skoðuðu aðstæður var mjög lærdómsrík.
- Já. Verkefnið fróðlegt og mesti lærdómurinn er að maður horfir öðruvísi á sitt bú, meira meðvitaður um umhverfið.
- Já að vera að hugsa um hluti sem ekki hefur endilega verið að skoða áður.
- Já. Mjög áhugavert að hlusta á hvað hinir þátttakendurnir eru að gera og fyrirlestrarnir voru mjög áhugaverðir. Jarðirnar (þátttökubú) eru svo misjafnar og búskapur misjafn og landslag líka misjafnt og misjöfn nálgun.

1.6 Er eitthvað sem stendur upp úr?

- Allt nokkuð jafnt og gaman.
- Að þessi vegferð sé formlega hafin. Erum í alvöru komin af stað með breiða samstöðu og samstarf við stofnanir. Komin upp úr skotgröfunum og farin að vinna meira saman.
- Heilt yfir nokkuð jafnt. Bæði lærdómsríkt og skemmtilegt.
- Gaman að vera að reyna að koma þessari hugsun inn í umræðuna.
- Loksins eitthvað verkefni og eitthvað að gerast í þessa átt, þetta er eina heildstæða verkefnið þar sem stóra myndin er skoðuð. Það væri flott ef hægt væri í framtíðinni að flétta saman margar jarðir þannig að það myndaði stór svæði með áherslu á sömu markmið.

2 Hvernig finnst þér þú standa gagnvart þínum markmiðum eða væntingum?

- Er nokkuð eftir markmiðum hefði samt viljað og var með væntingar um að vera komin lengra þ.e.a.s. búin að fylla í skurði.
- Ætlaði sér að komast lengra, hefði viljað vinna meira með stofnunum t.d. NÍ og Hafró, er sátt við þetta skref og er tilbúin í næsta.
- Er nokkuð á góðu róli, hafði ekki gert sér miklar væntingar í byrjun, en er komin með fullt af hugmyndum um verkefni sem hægt er að gera.
- Verkefnið gekk kannski ekki samkvæmt markmiði en samt nokkuð eftir því sem lágmarks væntingar höfðu staðið til.
- Telur sig vera á nokkuð góðum stað miðað við væntingar og markmið. Það er kannski aðeins út af ástandinu í heiminum erfitt að átta sig á hvernig staða nákvæmlega er.

2.1 Ef ekki samkvæmt væntingum, hvað er að sem helst hefði mátt fara betur?

- Tímaleysi. Hefði viljað sjá lokun á skurðum fara fram í haust, hefði þá líka viljað sjá mælingar á vatnshæð fara í gang til að til að taka grunnstöðuna, það er kannski meira áríðandi og þarf kannski að koma á undan því að fylla í skurðina.
- Vorum bara ekki komin lengra það hefði ekki verið raunhæft að fara lengra.
- Það hefði verið skemmtilegra ef hópurinn hefði getað hist.

- Það hefði mátt vera skýrari uppsetning á verkefninu í byrjun. Áttaði sig ekki í byrjun á hvernig uppsetningin á verkefninu var, vantaði jafnvel meiri eða betri leiðbeiningar.

2.2 Hefur verkefnið breytt skoðun þinni á náttúruvernd?

- Já en hefur þó aldrei verið neikvæð. Verkefnið opnaði hugann, sé að náttúran getur skapað tækifæri.
- Nei, er náttúruverndarsinni jafnt fyrir sem eftir.
- Var frekar náttúruverndarsinnaður þegar verkefnið fór í gang en segir að þetta hafi skerpt sýn og fær mann til að hugsa meira um þessa hluti með opnari hug og tengingu við landbúnað.
- Nei hefur sterkan grunn í náttúruvísindum. Fór samt að hugsa hvernig virkja megi aðra og fá aðra til að vinna með sér, t.d. hvernig miðla má fræðslu og eiga samtal við fólk sem hefur ekki bakgrunn í náttúrufræðum og er ekki að hugsa um þetta dags daglega.
- Verkefnið hefur ekki breytt skoðun okkar, frekar styrkt þá skoðun og hugmyndir sem við höfðum fyrir.

3 Eitthvað sem þú villt segja að lokum? T.d. um framhaldið á LOGN

- Vill vera þátttakandi áfram.
- Takk fyrir mig er tilbúin í áframhaldandi samstarf.
- Hlakkar til að halda áfram í þessari vinnu.
- Hefur áhuga að vera áfram í verkefni a.m.k. sem einstaklingur, en veit ekki hvernig eignarhald og búskapur þróast á sinni jörð.
- Það þarf að skoða þar sem margar jarðir eru ekki með neinn búskap og oft myndast togstreita á milli bænda og frístundabænda / annarra landeigenda. Samt eru margar jarðir nýttar af öðum.
- Lýsir ánægju sinni um að þetta sé komið af stað þ.e. svona verkefni og vill að þetta verði áfram.
- Ómetanlega jákvætt að breyta upplifun fólks af landbúnaði og hlutverki bænda sem landeigendur.
- Gott að skerpa á því við bændur að þeir skipta miklu máli og hvað þeir gera.

Lokaorð

LOGN 2020 skildi eftir sig nokkra þekkingu en einnig nokkuð af ósvöruðum spurningum. Þó má fullyrða að verkefnið hafi gengið vel miðað við viðbrögð á kynningar- og vinnufundum sem og vitnisburði LOGN-bænda í lokin. Samhljómur var í áherslum út allt verkefnið. Sömu áherslupunktar komu fram í áætlunum sem voru settar í upphafi, á vinnu- og hugarflugsfundum í byrjun verkefnisins þar sem fókusinn var skerptur og á uppgjörsfundi LOGN-bænda á lokametrum verkefnisins.

Of snemmt er að fullyrða um hvort verkefnið hafi náð markmiðum sínum um að auka almennt vitund bænda um náttúruvernd og mikilvægi á verndun náttúruauðlinda. Það mun taka lengri tíma enda var lagt upp með í byrjun að LOGN væri langtímaverkefni en ekki spretthlaup. Verkefnið hafði í flestum tilvika jákvæð áhrif á viðhorf þátttakenda til náttúruverndar og kemur til með að auka vægi þess málaflokks í bústörfum þeirra. Það ber að taka fram að þeir bændur sem skráðu sig í verkefnið gerðu það af einlægum áhuga umfram allt annað og öll þeirra vinna var lögð fram í sjálfboðastarfi. Í vitnisburði þeirra í lokin kemur sterkt fram jákvætt viðmót þeirra til verkefnisins, þeim þótti það áhugavert og skemmtilegt og vilja halda áfram.

LOGN er orðið þekkt sem eins konar vörumerki í náttúruvernd. Verkefnið er bæði orðið nokkuð þekkt meðal fagstofnana á sviði náttúruverndar og umhverfisverndar en einnig á meðal bænda og stofnana sem koma að landbúnaði. Þetta má styðja með vilja þessara aðila til að taka þátt í þeim viðburðum sem settir voru upp í tengslum við verkefnið, bæði fundum og námskeiðum.

Í lok verkefnisins stóðu eftir þrjár spurningar:

- Í hvaða farveg á LOGN að falla innan stjórnsýslunnar eða lagaramma?
- Hvaða verkefni gætu fallið undir LOGN-verkefni?
- Hvernig á LOGN að þróast þannig að það nýtist best sem verkfæri í náttúruvernd?

Verkefnið NÁL (Náttúrumiðaðar lausnir í landnýtingu) er að hluta til framhald á LOGN en þar ræðst hver verða næstu skref í LOGN, hvort grundvöllur verði fyrir og í hvaða mynd því verkefni verði haldið áfram. Þar verður m.a. lögð vinna í að svara þessum spurningum.

NÁL er nýtt verkefni sem byggir á fyrri vinnu í LOGN. Verkefnið felur í sér að skilgreina möguleg verkefni í almannaþágu sem tengjast umhverfismálum, náttúruvernd og nýtingu á landbúnaðarlandi eða landi þar sem landbúnaðartengd starfsemi fer fram. Í verkefninu verður einkum horft til landnýtingar á eignarlandi þar sem horft verður heildstætt á stóru myndina. Einnig felur verkefnið í sér að gera tillögur að nýjum verkefnum á þessu sviði, sem bændur geta unnið og nýtt reynslu sína og þekkingu. Niðurstöður úr verkefninu verða kynntar í apríl n.k.

NÁL kemur til með að móta framtíðarfarveg fyrir LOGN og leið fyrir þá bændur sem vilja stunda náttúruvernd samhliða búskap sínum.

Viðaukar

Auglýsingabæklingur



Mat á grunnstöðu og hugmyndir þátttökubúa í LOGN

Þátttökubú:			
Þátttakandi/þátttakendur:			
Heildar stærð á bújörð (ha):		**Stærð lands í verkefni (ha):**	
Tegund búskapar:			
Dagsetning:		**Verkefni nr.:**	
Unnið af:			

Hugmynd að verkefni

Sérstaða og helstu náttúrueinkenni svæðis:

Sérstök náttúruverndarsvæði innan bújarðar

☐ Friðlýst svæði ☐ Sérstök verndarsvæði, t.d. fuglafriðland ☐ Svæði á náttúruminjaskrá

☐ Hverfisverndarsvæði ☐ Fólksvangur ☐ Þekktar menningarminjar ☐ Vatnsverndarsvæði

Gróður og jarðvegur	
Lýsing / athugasemdir:	
Fuglar og dýralíf	
Áhugaverðir fuglaskoðunarstaðir	
Lýsing / athugasemdir:	
Jarðminjar	
Lýsing / athugasemdir:	
Fiskar og vatnalíf	
Lýsing / athugasemdir:	

Landnotkun	
Ræktunarland	
Áburðarnotkun	
Framræsla	
Beit	
Nytjaskógrækt	
Efnistaka	
Hlunnindi	
Lýsing / athugasemdir:	

Annað

☐ Útivistarsvæði ☐ Reiðleiðir ☐ Gönguleiðir

☐ Starfsemi sem getur haft neikvæð áhrif á náttúruna

Þjónusta

☐ Ferðaþjónusta ☐ Gisting ☐ Tjaldsvæði ☐ Afþreying

☐ Vörur beint frá býli

Athugasemdir

Stöðuskýrsla að hausti

Nafn þátttakanda:	
Þátttökubú:	
Helstu náttúrueinkenni á þátttökubúi og umhverfi í næsta nágrenni: (Ykkar lýsing, þið getið stuðst við upplýsingar á grunnskráningarforminu)	
Lýsing á verkefni: (Ykkar lýsing, hvert er verkefnið og hvernig hyggist þið vinna það. Þið getið stuðst við upplýsingar á grunnskráningarforminu)	

Markmið:	1. 2. 3.
Staða verkefnis haust 2020:	
Hvert er áætlað framhald í verkefninu: (Gott að hugsa 3-5 ár fram í tímann)	
Helstu vörður: (Gott að miða við tímasetningar þegar ákveðnum verkþáttum er lokið)	
Hvaða ávinning sjáið þið helst af verkefninu: (Framtíðarsýn)	1. 2. 3.
Hvaða og hvers konar stuðning sjáið þið fyrir ykkur að nýtist best í ykkar verkefni:	1. 2. 3.
Athugasemdir / annað:	

LOGN 2020 - Viðtal við þátttakendur

1 Hvernig fannst þér að taka þátt í verkefninu?

Á skalanum 1-5 hvernig fannst þér verkefnið takast í heild sinni?

Hvað var jákvætt?

Hvað var neikvætt?

Var ferlið lærdómsríkt og hvernig?

Er eitthvað sem stendur upp úr?

2 Hvernig finnst þér þú standa gagnvart þínum markmiðum eða væntingum?

Ef ekki samkvæmt væntingum, hvað er að sem helst hefði mátt fara betur?

Hefur verkefnið breytt skoðun þinni á náttúruvernd?

3 Eitthvað sem þú villt segja að lokum? T.d. um framhaldið á LOGN?